Löngu tímabært að bregðast við
Runólfur Þórhallsson skrifar um stjórnskipulag lögreglunnar.

Mikil sókn í menntamálum
Stóaukinn fjöldi nýnema í lögreglunámi í haust.

Sigurför til Ungverjalands
Spennandi úrslitakeppni er fram undan.

LÖGREGLUMAÐURINN

1. TÖLUBLAÐ | 38. ÁRGANGUR 2022 | 97. BLAÐ

„Þetta var ótrúleg lífsreynsla“

Hólmsteinn Gauti Sigurðsson, framkvæmdastjóri LL, hefur komið víða við. Hann var til að mynda saksóknari við embætti sérstaks saksóknara eftir hrun. Nú einbeitir hann sér að brýnum hagsmunamálum fyrir lögreglumenn.

4-8

Skortur á skilningi ýtir undir átök

Hafdís og **Sæunn** rannsökuðu samskipti lögreglu við fólk með geðraskanir. 16-18

Efnisyfirlit

Pistill formanns 3
Fjölnir Sæmundsson skrifar um öryggi lögreglumanna.

Hef mikinn metnað gagnvart hagsmunamálum lögreglumanna 4-8
Viðtal við framkvæmdastjóra LL, sem komið hefur víða við.

Stjórnskipulag lögreglu 10-15
Runólfur Þórhallsson segir löngu tímabært að gera breytingar.

Skoðuðu samskipti við fólk með geðraskanir 16-18
Áhugavert lokaverkefni eftir tvo nemendur við Háskólann á Akureyri.

Enn fylgja mér gömul sár 18-20
Aðsend grein lögreglumanns sem lýsir einelti í vinnunni.

Stórsókn í menntun lögreglumanna 22-23
Veruleg fjölgun nemenda í diplómanámi í haust.

Orlofsmál árið 2022 24
Fyrirhugað að kaupa nýtt orlofshús á árinu.

Nýjung í ferðaávísun 25-26
Fjalla- og ævintýraferðir nú einnig á sérkjörum.

Íþróttir ÍSL 28-34
- Undirbúningur fyrir undankeppni
- Undankeppni EM í körfuknattleik
- Íþróttir lögreglumanna að loknu COVID-19
- Mótalisti 2022

LÖGREGLUMAÐURINN

1. TBL. / 38. ÁRG. 2022 / 97. BLAÐ

RITSTJÓRI
BALDUR GUÐMUNDSSON, BALDUR@ORDAVAL.IS

ÁBYRGÐARMAÐUR
FJÖLNIR SÆMUNDSSON, FORMAÐUR LL

GUÐLAUG HREINSDÓTTIR
SKRIFSTOFUSTJÓRI LL

UMBROT OG HÖNNUN
DAVÍÐ ÞÓR

FORSÍÐUMYND
DAVÍÐ ÞÓR

TEIKNING Á BLS 2
LOGI JES KRISTJÁNSSON

AÐRAR MYNDIR
JÚLÍUS SIGURJÓNSSON OG AÐSENDAR

LL@LOGREGLUMENN.IS
WWW.LOGREGLUMENN.IS

Formannshornið

Tryggjum öryggi lögreglumanna

Fjölnir Sæmundsson

Um miðjan febrúar á þessu ári sendi stjórn Landssambands lögreglumanna frá sér yfirlýsingu þar sem miklum áhyggjum yfir öryggi lögreglumanna í starfi var lýst. Þá höfðu nýlega komið upp sakamál þar sem skotvopnum var beitt. Af þeim sökum var mikil umræða í þjóðfélaginu um öryggi borgaranna og bjargir lögreglu til að takast á við sífellt hættulegri aðstæður.

Við ítrekuðum í yfirlýsingu okkar að lögregla hefði í mörg ár bent á þá auknu hættu sem fælist í fækkun faglærðra lögreglumanna og að lögregla yrði að fá í hendur tæki og heimildir til þess að fást við flóknara samfélag. Í kjölfar þessara sakamála skapaðist í þjóðfélaginu umræða um hvort lögregla á Íslandi þyrfti að vopnast. Það er mitt mat að í allri þeirri umræðu hafi jafnt lögreglumenn, yfirmenn í lögreglu og hagsmunasamtök lögreglumanna komið fram af hófstillingu og skynsemi. Ég tel að í yfirlýsingu stjórnar LL hafi aðeins verið bent á staðreyndir og hvað betur mætti fara.

Lögreglumenn bentu meðal annars á að ekki væri rétt að taka slíkar ákvarðanir nema að vel athuguðu máli og að það væri ekki krafa hins almenna lögreglumanns eða samtaka þeirra að bera skotvopn. Engu að síður væri okkur umhugað um eigið öryggi.

Lögreglumenn eru sú stétt ríkisstarfsmanna sem verður fyrir flestum vinnuslysum. Sjúkrasjóður LL greiðir hærri upphæðir með hverju árinu til lögreglumanna. Af þeim sökum er eðlilegt að leita leiða til þess að draga úr slysum og álagi.

Auka þarf búnað lögreglumanna

Landssamband lögreglumanna hefur lengi lýst þeirri skoðun sinni að tími sé kominn til að lögreglumenn á Íslandi fái til viðbótar við tækjabúnað sinn rafvarnarbúnað til að tryggja eigið öryggi. Reynsla af notkun slíkra tækja bæði á Englandi og á Norðurlöndum hefur sýnt að þessi búnaður hefur hvort tveggja dregið mjög úr meiðslum lögreglumanna og þeirra aðila sem lögregla þarf að handtaka. Slík viðbót við valdbeitingartæki lögreglu yrði því til mikilla hagsbóta fyrir lögreglumenn.

Í landi eins og okkar þar sem langt er á milli staða og oft bið eftir aðstoð annarra lögreglumanna getur rafvarnarbúnaður reynst mikilvægt öryggistæki. Í tölum frá Heimavarnarráðuneyti Bretlands segir að í 80% tilvika sé nægjanlegt að hóta að beita rafvarnarbúnaði til þess að aðilar hætti að streitast á móti handtöku. Í nútímasamfélagi, þar sem við viljum að lögreglan sé þverskurður af þjóðinni, tel ég eðlilegt að lögregla fái í hendur tæki sem hjálpi henni að yfirbuga einstaklinga sem sýna af sér ógnandi hegðun eða eru í hættulegu ástandi. Þannig megi fyrirbyggja líkamleg átök með meðfylgjandi hættu á meiðslum.

Að taka í notkun nýjan búnað sem þennan krefst vel þjálfaðra lögreglumanna. Þar komum við að öðru atriði sem við í stjórn Landssambands lögreglumanna höfum lýst áhyggjum yfir. Allt of stór hluti af starfandi lögreglumönnum er ómenntaður og hefur því aðeins hlotið hluta af þeirri þjálfun sem þarf til að sinna lögreglustarfinu. Á þessu virðist ný ríkisstjórn hafa skilning því hún hefur lofað fjármunum svo fjölga megi nemendum í lögreglunámi. Nú í haust verða teknir inn 80 nýnemar í lögreglufræðum. Loforð hafa verið gefin um að áfram verði fjölgað, þar til menntaðir lögreglumenn eru orðnir þúsund talsins.

Of mikið brottfall

Við sem störfum í lögreglunni vitum að þetta leysir aðeins hluta vandamálsins og tveggja ára bið er eftir því að þetta fólk verði fullnuma. Stór hluti vandamálsins felst í brottfalli lögreglumanna úr starfi. Of margir menntaðir lögreglumenn hafa leitað á önnur mið. Við þurfum að finna leiðir til að fá þá til að snúa til baka.

Skýringarnar á þessu brottfalli eru auðvitað margar og fjölbreyttar. Hluti af þeim er alveg órugglega starfsumhverfið. Mikið álag í starfi auk lakra kjara (sé tekið mið af starfsumhverfi og vinnutíma) eru hlutir sem margir þeirra félaga okkar sem horfið hafa til annarra starfa nefna. Stjórnvöld og við sem stéttarfélag verðum að reyna að bregðast við þessu. Það að fá lærða lögreglumenn til að snúa aftur til starfa er að mínu mati fljótlegasta leiðin til að lögreglan hafi fjölmennt, reynslumikið og vel þjálfað lið lögreglumanna innan sinna vébanda.

Eitt af markmiðum næstu kjarasamninga okkar hlýtur því að vera að halda lögreglumönnum ánægðum í starfi og fá til baka þá sem leitað hafa á önnur mið. Jafnvel þótt fullyrða megi að margir lögreglumenn hafi fengið verulega kjarabót með síðustu kjarasamningum þá hafa þeir því miður líka orðið til þess að flótti hefur verið úr ákveðnum störfum hjá lögreglu. Sumir lögreglumenn hafa upplifað kjararýrnun á liðnu ári og við því verður við að bregðast. Ekki er enn búið að virkja að fullu nýjan stofnanasamning og því er enn von um að við getum rétt hlut þeirra sem telja á sig hallað. Eins og lögreglumenn þekkja hafa persónubundnir þættir aðeins verið virkjaðir fyrir starfaflokka 7 og 8. Á komandi vikum munum við hefja þá vegferð í samvinnu við lögreglustjórana að virkja þann hluta samningsins fyrir aðra starfaflokka.

Stjórnvöld jákvæð í okkar garð

Við lögreglumenn getum ekki kvartað yfir því að á okkur sé ekki hlustað. Núna í vetur hafa ráðamenn tekið jákvætt í hugmyndir um að lögregla fái rafvarnarbúnað til umráða, auk þess að gefa fyrirheit um að fjármagna fjölgun lögreglunema.

Þá hefur dómsmálaráðherra sett í samráðsgátt stjórnvalda frumvarp sem auðvelda á lögreglu að afla gagna við rannsókn sakamála og auðvelda samvinnu og skipti á upplýsingum við önnur embætti, bæði hér á landi og erlendis. Þetta síðastnefnda atriði er einmitt eitt af því sem Landssambandið kallaði eftir í yfirlýsingu sinni í febrúar. Ég vona að nú sé bjart fram undan í málefnum okkar lögreglumanna og að við getum í góðri samvinnu við stjórnvöld og okkar yfirmenn aukið öryggi og bætt kjör lögreglumanna og með því haldið upp góðum og fjölmennum lögregluliðum um allt land. ●

„Hef mikinn metnað gagnvart hagsmuna-málum lögreglumanna“

Hólmsteinn Gauti Sigurðsson hefur gegnt starfi framkvæmdastjóra Landssambands lögreglumanna frá 1. september 2021. Hólmsteinn, sem starfaði sem saksóknari í kjölfar efnahagshrunsins, hefur komið víða við á sínum ferli. Hann var ráðinn til LL til eins árs og hefur áhuga á að vinna áfram fyrir lögreglumenn. Það er hins vegar ekki alfarið í hans höndum.

Ég er búinn að starfa í löggæslu- og ákæruvaldsgeiranum frá árinu 1999, þegar ég hóf störf sem fulltrúi lögreglustjórans og sýslumannsins á Ísafirði. Mín þekking og reynsla liggur því í meðferð sakamála, rekstri embætta, starfsmannatengdum málum, samningagerð, löggæslumálum, saksóknarstörfum, verkefnum ákæruvalds og erlendu samstarfi svo eitthvað sé nefnt. Ég hef mikinn metnað gagnvart hagsmunamálum lögreglumanna og nýt þess að starfa bæði fyrir þá og með þeim,“ segir Hólmsteinn í upphafi samtals við Lögreglumanninn.

Eins og starfsferill Hólmsteins gefur til kynna (sjá bls. 6) hefur hann víða komið við innan dómsmála- og löggæslukerfisins. Þekking hans og reynsla nýtist vel á skrifstofu LL við úrlausn þeirra fjölmörgu og fjölbreyttu viðfangsefna sem rata á borð sambandsins. „Ég bý svo vel að það þekkja margir til mín og ég er með ágætis tengslanet bæði hér heima og erlendis. Það hjálpar mér í störfum mínum hér,“ segir hann.

„Þetta var ótrúleg lífsreynsla“

Óhætt er að segja að eitt af stærri verkefnum sem Hólmsteinn hefur fengist við á sínum ferli hafi verið rannsókn og saksókn efnahagsbrota fyrir sérstakan saksóknara, í kjölfar efnahagshrunsins 2008. Hann hafði farið til náms í Lögregluháskólann í Ósló og var að ljúka framhaldsnámi í rannsóknum og saksókn flókinna fjármuna- og efnahagsbrota þegar hrunið brast á. Embætti sérstaks saksóknara var stofnað í byrjun árs 2009 og þangað fór hann til starfa við heimkomuna. „Ég var einn af fjórum föstum starfsmönnum sem hófu þá vegferð. Auk okkar Ólafs Þórs Hauksson-ar, sérstaks saksóknara, voru það Grímur Grímsson og Sveinn Ingiberg Magnússon yfirlögregluþjónar.“

Mikil reiði var í samfélaginu í kjölfar efnahagshrunsins og pressa á að lykilmenn úr fjármálageiranum yrðu dregnir til ábyrgðar. Spurður hvernig reynsla þetta hafi verið svarar Hólmsteinn: „Ótrúleg. Þetta var ótrúleg lífsreynsla. Það er það sem kemur fyrst upp í hugann. Það gerði sér enginn grein fyrir umfanginu þegar við fórum af stað – enda átti meðferð þessara mála eftir að taka meira en áratug. Þetta voru stór, flókin og þung mál. Íslensk efnahagsbrotalögregla hafði aldrei séð neitt þessu líkt. Þetta var gríðarlega vandasamt.“

Hólmsteinn fór sjálfur með eitt allra fyrsta hrunmálið fyrir héraðsdóm. Hann rifjar upp að fyrsta spurningin sem hann hafi fengið frá ónefndum blaðamanni við það tilefni var hvort verkefnið væri ekki fyrir fram vonlaust. „Það hefur ekki verið fjallað mikið um ákveðinn anga í fjölmiðlum en það var gífurlegt álag á því starfsfólki sem var að rannsaka og sækja þessi mál til saka. Þetta var alveg ótrúlegt. Það er mikið rætt um álag á heilbrigðisstarfsfólk og viðbúnaðarstéttir núna gegnum COVID-faraldurinn en ég tel að sumir sem störfuðu við hrunmálin hafi enn þann dag ekki jafnað sig fyllilega á því langvinna álagi og afleiðingum sem fylgdi þeirri vinnu.

Góð samvinna á skrifstofunni

Áður en Fjölnir Sæmundsson tók við formennsku í LL, síðastliðið vor, hafði fyrrverandi formaður, Snorri Magnússon, gegnt starfi framkvæmdastjóra um árabil. Á því varð breyting með nýrri stjórn og Hólmsteinn var fenginn til verksins, í það minnsta fyrst um sinn. Hann segir að verkefnin á skrifstofunni séu af fjölbreyttum toga. „Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri skrifstofunnar,“ segir hann en bætir aftur við að í verkefnum hennar leiki Guðlaug einnig lykilhlutverk. „Ég bara verð að taka hér skýrt fram að Landssamband lögreglumanna er sérstaklega heppið með skrifstofustjóra. Gulla er afar öflugur starfsmaður og það gildir einu hvaða verkefni hún fær í fangið – hún leysir það með sóma,“ segir hann um samstarfskonu sína á skrifstofunni.

> Íslensk efnahags-brotalögregla hafði aldrei séð neitt þessu líkt. Þetta var gríðarlega erfitt.

Hólmsteinn segist hafa átt mjög gott samstarf við stjórn LL og finnur sterkt fyrir því að hann nýtur trausts í sínu starfi, jafnvel þótt stundum þurfi að takast á. Hann er í daglegum og miklum samskiptum við formann og miklum samskiptum einnig við varaformann sambandsins. „Mér hefur borið gæfa til að leita lausna og ég tel að vel hafi verið leyst úr þeim áskorunum sem upp hafa komið.“

Fjölbreytt verkefni

Hólmsteinn annast vinnslu og framkvæmd stefnumarkandi ákvarðana fyrir sambandið, í umboði stjórnar og formanns. Hann fæst við vinnutímamál, svo sem styttingu vinnuvikunnar, samskipti við ráðuneyti og aðrar stofnanir, hér heima og erlendis, og vinnur að ýmsum umbótamálum fyrir sambandið. Hann skrifar ályktanir og erindi í samstarfi við stjórn og tekur þátt í fundum hennar, heldur utan um fundi framkvæmdastjórnar, sinnir bréfaskriftum fyrir hönd LL og á samskipti við yfirvöld og einstaka lögreglustjóra. Hann aðstoðar félagsmenn við úrlausn fjölbreyttra mála, veitir ráðleggingar og situr stundum með þeim fundi með yfirmönnum, svo fátt eitt sé upp talið. Auðvitað er það þannig að mörg mál leysast farsællega á meðan önnur ganga hægar og í einhverjum tilvikum eru félagsmenn ekki endilega sáttir við lyktir máls eða ákvörðun. En ég einset mér samt alltaf að vinna af metnaði við öll mál í samræmi við lög, kjara- og stofnanasamning o.fl., og stundum er það einfaldlega þannig að LL hefur ekki heimildir til að taka ákvarðanir eða leysa úr máli. Mál kann að heyra undir annan aðila svo dæmi sé tekið. En starfsreynsla mín, ekki síst í dómsmálaráðuneytinu, LRH og hjá héraðssaksóknara, þar sem ég starfaði að fjölbreyttum stjórnsýsluver- ▶

Hefur komið víða við

Óhætt er að segja Hólmsteinn hafi komið víða við og búi að reynslu sem nýtist honum í því starfi sem hann gegnir fyrir LL. Hann er lögfræðingur að mennt frá Háskóla Íslands. Hann starfaði fyrst um sinn á Ísafirði, eins og fram hefur komið, en síðar hjá lögreglustjóranum og sýslumanninum í Hafnarfirði. Árin 2002 til 2006 var Hólmsteinn deildarlögfræðingur á dómsmála- og löggæsluskrifstofu dóms- og kirkjumálaráðuneytisins. Þar af var hann settur lögreglustjóri og sýslumaður á Höfn í sex vikur sumarið 2005. Hólmsteinn segir að tíminn hjá ráðuneytinu hafi verið magnaður. Þar hafi hann öðlast mikla reynslu í „öllum þessum stjórnsýslu- og embættismannapakka“ eins og hann kemst að orði. „Ég starfaði þarna með afar öflugu fólki og við góðan orðstír, held ég að ég geti fullyrt.“

Hann var um skamma hríð fulltrúi sýslumanns og lögreglustjóra í Kópavogi 2007 og svo lögfræðingur yfirstjórnar embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu frá 1. janúar 2007, þegar Stefán Eiríksson var skipaður lögreglustjóri sameinaðs embættis. Hann fór út til náms en þegar hann sneri aftur, árið 2009, var hann skipaður saksóknari hjá nýju embætti sérstaks saksóknara. Hann er í dag í ársleyfi frá embætti héraðssaksóknara.

kefnum og starfsmannamálum, nýtist samt vel undir þessum kringumstæðum,“ segir Hólmsteinn.

Hann tekur líka fram að LL hafi aðkomu að ýmsum nefndum og starfshópum innan BSRB og njóti einnig góðs af þekkingu og reynslu sem þar er innan dyra.

Vinnur að umbótaverkefnum

Hólmsteinn hefur unnið að ýmsum umbótaverkefnum fyrir LL. Meðal þeirra eru regluverk um lögmannsaðstoð fyrir félagsmenn og trúnaðarmannakerfi. Það er honum sérstakt kappsmál að virkja betur trúnaðarmannakerfið og hvetja til þess að trúnaðarmenn séu starfandi á öllum vinnustöðum. Þeir eru tengiliðir félagsins við vinnustaðina. „Ég er víða að pota í ýmis umbótaverkefni og reyna að gera hlutina hér betri og skilvirkari,“ útskýrir hann en tekur jafnframt fram að hann beri virðingu fyrir hlutverkaskipan innan LL, gæti sín á því að fara ekki yfir nein mörk og starfi í hvívetna innan lagaramma sambandsins.

„Ég ber mikið traust til þeirra lögreglumanna sem sitja í nefndum, starfshópum og stjórnum og virði þeirra störf og sjálfstæði. Ég er hins vegar alltaf til taks ef menn leita til mín og sit eftir þörfum fundi hjá nefndum og sjóðstjórnum LL. Ég vil byggja undir það skipulag sem LL stendur fyrir. Einn liður í minni vinnu er að hvetja til þess að sett verði sérstök ákvæði um þessar mikilvægu einingar í lög LL. Þar eru atriði sem laganefnd þarf að taka fyrir áður en næsta þing verður haldið en síðasta þing ályktaði reyndar um þetta efni. Það er til dæmis mikilvægt að í lögum félagsins séu ákvæði um STALL, fræðslu- og starfsþróunarsjóð, styrktar- og sjúkrasjóð o.s.frv.; hvernig þessir aðilar eru skipaðir, hlutverk þessara sjóða og tilgangur. Það var m.a. eitt af mínum fyrstu verkefnum hér að ýta þingi LL aftur af stað síðasta haust og vinna að undirbúningi og framgangi þess með þingforsetum og fleirum. Það eru alls konar stefnumarkandi hugmyndir og verkefni sem ég er að reyna að ýta áfram,“ segir framkvæmdastjórinn. Fram undan séu síðan stór verkefni, m.a. formannaráðstefna LL, frekari vinna við þróun stofnanasamnings og síðast en ekki síst undirbúningur og gerð næsta kjarasamnings, svo fátt eitt sé nefnt.

> Ég bara verð að taka hér skýrt fram að Landssamband lögreglumanna er sérstaklega heppið með skrifstofustjóra.

Álag á lögreglumenn áhyggjuefni

Stjórn LL sendi frá sér ályktun þann 15. febrúar þar sem þungum áhyggjum var lýst af öryggi lögreglumanna. Þá höfðu átt sér stað í samfélaginu atvik þar sem skotvopnum var beitt. Í ályktuninni voru ítrekaðar fyrri yfirlýsingar LL um að þörf væri á umtalsverðri fjölgun lögreglumanna og aukinni þjálfun þeirra. Fram kom að brýn nauðsyn væri á að skipuleggja til frambúðar fjölgun lögreglumanna og hvernig best væri að viðhalda þekkingu innan lögreglunnar, ekki síst í almennri löggæslu; þeim hópi sem oftast kemur ▶

VIÐ ÓSKUM LÖGREGLUMÖNNUM VELFARNAÐAR Í STARFI

REYKJAVÍK
A. Margeirsson ehf
A. Wendel ehf
Alvarr ehf
Antiksalan ehf
Apotek restaurant
Arev verðbréfafyrirtæki hf
ARGOS ehf-Arkitektastofa Grétars og Stefáns
Aton.JL ehf
Auglýsingastofan ENNEMM
Áman ehf
B. Ingvarsson ehf
Bakarameistarinn ehf
Bananar ehf
BASALT arkitektar ehf
BBA FJELDCO ehf
Betri bílar ehf, s: 568 1411
Bifreiðastillingar Nicolai
Birtingur ehf
Bíl - Pro ehf
Bílakringlan
Bílamálun Sigursveins Sigurðssonar
Bílaréttingar og bílasprautun Sævars ehf
Bílasmiðurinn hf
Bílrúðan ehf
Bjarnar ehf
BK kjúklingar
Blikksmiðjan Glófaxi hf
Blómatorgið ehf
Bor ehf
Borgar Apótek
Borgarverk
Bókhaldsstofa Haraldar slf
Bókhaldsþjónustan Vík
Brúskur hársnyrtistofa, s: 587 7900
BSI bifreiðaverkstæði ehf
Byggingarfélag Gylfa og Gunnars hf
Café Loki
D&C ehf
Dental-I ehf
Dirty burger & ribs ehf
Draupnir lögmannsþjónusta ehf
Drífa efnalaug og þvottahús
Dúett Hárstúdió
Dýraspítalinn Víðidal ehf
Endurskoðun VSK ehf
Engo verkefni ehf
Eyrir Invest hf
Fanntófell ehf
Farmasía
Faxaflóahafnir sf
Felgur smiðja ehf
Ferill ehf
Ferró skiltagerð
Félag íslenskra bifreiðaeigenda
Fish Partner
FK Sigurðsson ehf
Fold uppboðshús ehf
Fossberg ehf
Fótógrafí ehf
Fótóval ehf
Freska Seafood ehf
Fylkir ehf
Föt og skór ehf
G.K. trésmíði ehf
Gagnaeyðing ehf
Gastec ehf
GÁ húsgögn ehf
Gátun ehf, bókhaldsþjónusta
GB Tjónaviðgerðir ehf
Geotek ehf
Gilbert úrsmiður-www.jswatch.com
GLÁMA-KÍM arkitektar
Gleipnir verktakar ehf
Gleraugað ehf
Grettir, vatnskassar ehf
Gullsmiðurinn í Mjódd
Gunnar Eggertsson hf
Gæðabakstur og Ömmubakstur
Hagi ehf-Hilti
Hagkaup
Hamborgarabúlla Tómasar
Haninn ehf, veitingastaður
Happdrætti Háskóla Íslands
Hágæðabón ehf
Hárgreiðslustofan Aþena
Hársnyrtistofa Dóra
Hársnyrtistofan Aida
HEI - Medical Travel-www.hei.is
Heimahúsið ehf, húsgagnaverslun
Hekla hf
Henson sports
Hereford Steikhús ehf
Hitastýring hf
Hjólabúðin Markið
Hlýja Tannlæknastofa
Hornið veitingastaður
Hókus Pókus ehf
Hótel Frón ehf
Hótel Leifur Eiríksson ehf
Hreinsitækni ehf
Hreyfimyndasmiðjan
HS pípulagnir ehf
Hugvit hf
Húsaklæðning ehf-www.husco.is
Hvítlist hf
Höfðabílar ehf
Höfðakaffi ehf
IcePharma hf
Innlifun ehf
Island Apartments
Íhlutir ehf
Ísbúð Vesturbæjar ehf
Íslenska Gámafélagið ehf
Ís-spor ehf
Járn og gler hf
JHM Sport ehf
Jónar Transport hf
Jöfur fasteignasala & leigumiðlun
K. H. G. Þjónustan ehf
K·R·S·T Lögmenn
Kári Arnórsson ehf, byggingarverktaki
Keiluhöllin Egilshöll
Kemi ehf-www.kemi.is
Klettur-Skipaafgreiðsla ehf
Kolaportið
KOM almannatengsl
Kopar Restaurant ehf
Kólus ehf
Kría Hjól, hjólaverkstæði og verslun
Kvika Grafísk hönnun
Kvikk Þjónustan ehf
Kælitækni ehf
LAG Lögmenn
Landhelgisgæsla Íslands
Lásaþjónustan
Láshúsið ehf
LC Ráðgjöf ehf stjórnunar-og rekstrarráðgjöf
Leðurverkstæðið Reykjavík ehf
Lely Center Ísland
Línuborun ehf
Ljósmyndastofa Erlings
Lögfræðistofa Reykjavíkur ehf
Lögfræðiþjónusta Sigurðar Sigurjónssonar hrl
Lögmenn Laugavegi 3 ehf
Lögmenn Lækjargötu ehf
Lögreglufélag Reykjavíkur
Mannverk ehf
Marport ehf
Martex ehf
Matthías ehf
Málarameistarar ehf
Millimetri sf
MS Armann skipamiðlun ehf
Múlaradíó ehf
Múrverktak ehf
Neytendastofa
NORDIK lögfræðiþjónusta
Nortek ehf
O K varahlutir ehf
Ofnasmiðja Reykjavíkur ehf
Old Iceland restaurant
Olíudreifing ehf
Orka ehf
Ófeigur gullsmiðja ehf
ÓK Lögmenn slf
Ósal ehf
Óskaskrín ehf
Parket & Gólf / Stepp ehf
Parlogis hf - Lyfjadreifing ehf
Pétur Stefánsson ehf
Pingpong.is
Píparinn ehf
Profil Optik

fyrst á vettvang. Nauðsynlegt væri að tryggja öryggi lögreglumanna.

Hólmsteinn segist hafa áhyggjur af þessari stöðu og að þessi mál hafi verið til umræðu á stjórnarfundum sambandsins. Lögreglumenn séu margir hverjir undir miklu álagi og vinni í afar krefjandi starfsumhverfi. „Ég hef mikinn metnað til að leggja mitt af mörkum við að reyna að bæta úr þessari stöðu," segir Hólmsteinn en sífellt fleiri lögreglumenn hafa m.a. þurft að leita til sjúkrasjóðs félagsins. Undirmönnun og ótryggt starfsöryggi ógnar heilsu þeirra. „Umræðan um kulnun í starfi hefur verið hávær hérna heima og þar er stétt lögreglumanna ekki undanskilin," segir Hólmsteinn. Hann nefnir í því samhengi að staðan sé ekki ósvipuð í hinum norrænu ríkjunum, svo sem í Danmörku og Svíþjóð. Þar búi lögreglumenn við mikið álag og sumpart hættulegt starfsumhverfi. „Í Svíþjóð er til dæmis erfitt að fá lögreglumenn til að vinna á ákveðnum svæðum í landinu."

Hann segir ekki nóg að fjölga lögreglunemum, til að sporna við álagi og auka öryggi í starfi. Miklu fleira þurfi að koma til. Auka þurfi fjárveitingar til almennrar löggæslu og fjölga menntuðum lögreglumönnum. Menntun og þjálfun lögreglumanna hafi tekið framförum en mikilvægt sé að gera enn betur á því sviði nú þegar heimsfaraldurinn er vonandi á undanhaldi. Hann ítrekar að LL hafi átt góð samskipti við ráðherra og ráðuneyti dómsmála að undanförnu. Þar virðist skilningur á þessari stöðu. Það veki honum vonir um að hægt verði að grípa til ráðstafana til að vinda ofan af þessu ástandi.

Styttingin krefjandi viðfangsefni

Stytting vinnuvikunnar hefur ekki gengið eins og til var ætlast hjá vaktavinnufólki, eins og fram hefur komið í fréttum. Hólmsteinn býr að þeirri reynslu að hafa unnið að innleiðingu styttingar vinnuvikunnar hjá héraðssaksóknara en þar var um að ræða starfsfólk í dagvinnu.

Hólmsteinn telur að það hafi verið misráðið að setja ekki meiri kraft í innleiðingu styttingar vinnuvikunnar hjá vaktafólki strax á upphafsstigum málsins. Áherslan hafi verið um of á dagvinnuhópana til að byrja með. Fyrir vikið hafi þessi mál verið í hálfgerðum ólestri hjá viðbúnaðarstéttum. „Það hefur verið mikil óánægja með stöðuna á þessu, sem þó hefur batnað allra síðustu mánuði," segir hann. LL, lögreglustjóraembættin og lögreglumenn sjálfir hafi tekið þetta verkefni til sín og unnið það áfram.

Hólmsteinn er á því að mistök hafi verið gerð þegar gerður var greinarmunur á innleiðingu styttingarinnar hjá dagvinnu- og vaktavinnufólki. Hann segir að rauði þráðurinn í styttingu vinnutíma dagvinnufólks hafi verið svokallað „umbótasamtal", eða samvinna á milli vinnuveitenda og starfsfólks um tillögur að útfærslu. Í tilfelli vaktavinnufólks hafi aftur á móti verið ákveðið að vinna málið á miðlægum grunni, í stað þess að leysa málin í samstarfi á hverjum stað fyrir sig. Það hafi verið misráðið. „Það er ekki nægilega heppileg leið enda eru lögreglumenn vanir sínu vaktafyrirkomulagi. Menn geta ekki reynt að leysa þetta miðlægt og ætlað að troða öllum inn í slíka niðurstöðu."

Hólmsteinn segist vera í daglegum og miklum samskiptum við Fjölni Sæmundsson formann sambandsins sem og varaformann. Það samstarf sé afar gott.

Hann nefnir sem dæmi minnstu lögregluembættin, þar sem einn er á vakt. „Lögreglumaðurinn á Hólmavík er gott dæmi. Hvernig gengur að stytta vinnuvikuna hjá honum? Það myndi snúast um hvort hann væri á vakt eða bakvakt." Hólmsteinn segir að styttingu vinnuvikunnar þurfi að fylgja fjármagn og að LL hafi undanfarið mætt skilningi á þessari stöðu hjá ráðherra og ráðuneyti dómsmála. „Ég er ánægður með það. Ég get ekki kvartað yfir skilningsleysi því við höfum átt góð samskipti við ráðherra og ráðuneytið um þetta mikilvæga hagsmunamál. Við þurfum hins vegar að halda áfram að þróa þetta verkefni og vinna að góðum lausnum til frambúðar því það er mín skoðun að stytting vinnuvikunnar er í grunninn frábært verkefni en þá þarf það líka að ganga upp gagnvart þeim stéttum sem þurfa kannski mest á styttingu að halda, sem eru vaktavinnustéttirnar."

Vill leysa þetta verkefni

Hólmsteinn er ólmur í að leysa verkefnið um styttingu vinnuvikunnar hjá lögreglumönnum þannig að vaktavinnufólk finni og upplifi raunverulega styttingu án kjaraskerðingar. Hann bendir á að lögreglumenn og lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra hafi sýnt frumkvæði sem aðrir geti horft til. „Þar komu hugmyndir frá lögreglumönnunum sjálfum; menn fundu lausn með lögreglustjóranum miðað við þarfir, stöðu, mannafla og fjárveitingar. Menn sáu að það gekk ekki að vera einungis með átta tíma vaktir og leystu það þannig að helgarvaktir væru tólf tímar en vaktir á virkum dögum átta tímar. Niðurstaðan er sú að lögreglumaður fyrir norðan getur oftast verið í helgarfríi þrjár helgar af hverjum fimm. Ef þetta hefði verið unnið eftir upplegginu á miðlægum grunni þá væru menn að vinna fjórar helgar af fimm. Það sér það hver maður hvor leiðin er heillavænlegri. Þetta verður ekki leyst nema af embættunum sjálfum og starfsfólki þeirra," segir Hólmsteinn ákveðinn.

Hólmsteinn hefur notið þess að vinna fyrir lögreglumenn og með lögreglumönnum. Hann var ráðinn til eins árs og fékk til þess leyfi úr fastri stöðu hjá embætti héraðssaksóknara. Spurður hvort hann verði áfram, þegar árinu hans lýkur í haust, svarar Hólmsteinn því til að það samtal hafi einfaldlega ekki verið tekið. „Ég þarf að ræða þetta við LL en einnig minn fasta vinnuveitanda og þar eru ákveðnar reglur sem gilda um leyfi ríkisstarfsmanna. En samvinnan við stjórnir og skrifstofustjóra innan LL hefur gengið afar vel. Þetta er ekki ákvörðun sem ég get tekið einn en áhugi minn og metnaður er skýr," segir Hólmsteinn Gauti Sigurðsson að skilnaði. ●

Runólfur Þórhallsson, lögreglumaður 8917

Stjórnskipulag lögreglu

Aðsend grein

Rétt er að gera þann skýra fyrirvara að annar texti en sá sem afmarkaður er innan tilvitnunarmerkja í grein þessari, er að frumkvæði og á ábyrgð höfundar einvörðungu og er ekki settur fram í nafni embættis þess sem hann starfar hjá.

Grunnstoðir íslensks samfélags og raunar öll tilvera almennings hefur á síðustu árum tekið meiri og hraðari breytingum en áður hefur þekkst í sögu lands og þjóðar. Tölvur, tækni og upplýsingar hafa umbylt samfélaginu. Þjónusta, verslun og viðskipti hafa rofið einangrun Íslands og hnattvæðing hefur opnað fjarlæg markaðssvæði. Verkefni lögreglu eru á sama tíma orðin flóknari, kalla á meiri sérhæfingu og knýja á um að lögregla haldi í við hraðari breytingar. Skipulögð brotastarfsemi hefur að mati lögreglu vaxið að umfangi undanfarin ár og í núverandi skipulagi lögreglu eru margar rannsóknareiningar í jafnmörgum lögregluumdæmum að rannsaka flókin og krefjandi mál.

Í skýrslu greiningardeildar RLS sem gefin var út 2019, Umhverfi löggæslu á Íslandi 2020-2024, er fjallað um ofangreindar áskoranir. Í skýrslunni er farið yfir fjölmargar áskoranir, t.d. áhrif loftslagsbreytinga, náttúruhamfara, aukins ferðamannastraums, félagslegs margbreytileika, tölvu- og netbrota ásamt skipulagðri brotastarfsemi. Í skýrslunni er farið yfir þróun stjórnskipulags lögreglu í helstu nágrannalöndum en þó einkum þeim sem við berum okkur helst saman við. Réttarfarslöggjöf okkar er að mestu leyti tekin upp úr danskri löggjöf og eins er oft litið til skipunar mála í Noregi.

„Undanfarna áratugi hafa staðið yfir miklar skipulagsbreytingar hjá lögreglu á Norðurlöndunum. Breytingarnar hafa m.a. falist í að setja upp ríkislögreglustjóraembætti hjá þeim löndum þar sem slík embætti voru ekki til staðar, auk þess að fækka lögregluumdæmum.

Miðstjórnarvald ríkislögreglustjóra til þess að stýra lögreglunni sem einni heild hefur þannig verið aukið og lögð mikil áhersla á árangursstýringu sem miðar að betri virkni löggæslu og nýtingu fjárveitinga. Auk þess sem unnið hefur verið að því að styrkja miðstýringu lögreglunnar sem einnar heildar hefur um leið verið lögð áhersla á að fækka lögregluumdæmum og styrkja þau þannig að til verði færri og öflugri lögreglulið í umdæmunum.“

Við skipulagningu löggæslu er nauðsynlegt að horfa til þess hvaða kröfur samfélagið og löggjafinn gerir annars vegar og hvaða kröfur verkefnin gera á hverjum tíma og í fyrirsjáanlegri framtíð. Verkefni lögreglu krefjast þess að heildarhagsmunir verði látnir ráða þegar ákvarðanir eru teknar um stjórnskipulagið og leitað verði leiða til þess að nýta sem best mannafla og aðrar fjárfestingar sem gerðar eru fyrir almannafé. Verkefni framtíðar gera þær kröfur að lögregla sýni frumkvæði og mikla aðlögunarhæfni í örri tækniþróun. Ljóst er að brotamenn nýta sér óspart tækniframfarir og fyrir þeim er Ísland eitt markaðssvæði.

Í lok árs 2021 störfuðu tæplega 800 lögreglumenn (afleysingafólk og nemar meðtalin) hjá ellefu lögreglustjórum í níu lögregluumdæmum. Á landssvæði sem oft hefur verið nefnt suðvesturhornið starfa fimm af þessum ellefu lögreglustjórum. Í nýlegri reglugerð um ríkislögreglustjóra var lögregluráð formgert í fyrsta sinn sem tryggir aukið samráð og samvinnu, en gerði hvorki breytingar á sjálfstæði lögreglustjóranna né hlutverki ríkislögreglustjóra. Í lögreglulögunum er enn kveðið á um að ráðherra sé æðsti yfirmaður lögreglunnar sem aukinheldur stýrir fjárveitingum til embættanna. Þessi valdauppbygging er ekki í samhljómi við nauðsynlega og skýra stigveldisstjórnsýslu að mati Ríkisendurskoðunar og er ekki í samræmi við stjórnskipulag lögreglu í nágrannalöndum okkar. Ríkisendurskoðun hefur í tveimur skýrslum fjallað um stjórnskipulag löggæslu á Íslandi, árin 2005 og 2020.

Hérlendis hafa undanfarna tvo áratugi verið skipaðar nefndir og starfshópar auk þverpólitískrar þingmannanefndar til að gera tillögur um fækkun lögregluumdæma og skilvirkara stjórnskipulag löggæslu. Á vef Stjórnarráðsins er auðvelt að fletta upp skýrslum þar sem lagðar eru til rökstuddar tillögur um stjórnskipulegar breytingar innan löggæslunnar hér á landi. Fulltrúar helstu hagaðila hafa jafnan skipað þessar nefndir og starfshópa og eiga það sammerkt að hafa skilað tillögum sem hafa haft nokkurn samhljóm sl. þrjá áratugi og grundvöllur tillagnanna, líkt og hjá Norðurlöndunum, byggður á almannahagsmunum, betri þjónustu sem og betri nýtingu fjármuna.

Verður hér gerð grein fyrir helstu niðurstöðum þeirra, skýrslum Ríkisendurskoðunar og GRECO-nefndar Evróputráðsins.

Verkefnastjórn um nýskipan löggæslumála 2003

Embætti RLS var stofnað árið 1997. Sex árum síðar eða árið 2003 skipaði dómsmálaráðherra verkefnastjórn um nýskipan löggæslumála. Markmiðið með skipan verkefnastjórnarinnar var að styrkja starfsemi lögreglu og bæta nýtingu fjármuna. Árið 2003 voru 27 lögregluembætti á landinu. Verkefnastjórnin skilaði af sér skýrslu sinni árið 2005 og lagði til að á landinu öllu yrðu 5-7 embætti:

„Það er ein af meginniðurstöðum verkefnisstjórnar að smæð margra lögregluliða á landinu geri þeim erfitt fyrir við að sinna lögbundnu hlutverki og standi í vegi fyrir því að unnt sé að ná þeim árangri sem að er stefnt og ætlast er til af þeim. Með stækkun umdæma og sameiningu lögregluliða væri stefnt að því að í hverju og einu umdæmi væri starfandi öflugt lögreglulið sem hefði burði til að sinna þeim verkefnum sem upp kæmu í viðkomandi umdæmi. Verkefnisstjórnin leggur til að flest lögregluumdæmin verði stækkuð til muna og verði jafnvel einungis fimm til sjö talsins. Verði ekki fallist á stækkun og fækkun lögregluumdæma telur verkefnisstjórnin ljóst að auka verði stórlega miðlægt boðvald ríkislögreglustjóra í þeim tilgangi að stuðla að samvinnu og samstarfi einstakra lögregluembætta í framkvæmd.

Að mati verkefnisstjórnarinnar er stækkun umdæma og sameining lögregluliða forsenda fyrir hvers konar umbótum á sviði löggæslu.“

> Verkefni framtíðar gera þær kröfur að lögregla sýni frumkvæði og mikla aðlögunarhæfni í örri tækniþróun.

Niðurstaðan varð sú að embættunum var fækkað úr 27 í 15 sem er talsvert frá því sem verkefnisstjórnin lagði til.

Í apríl 2008 skilaði nefnd, sem var skipuð til að fylgjast með nýafstaðinni endurskipulagningu lögregluumdæma, af sér ítarlegri skýrslu. Þar má m.a. sjá úttekt á því hversu margir lögregluþjónar í hverju umdæmi þjónuðu hve mörgum íbúum. Einn lögreglumaður þjónaði allt frá 269 íbúum og upp í 906. Nefndin skoðaði líka yfirbygginguna í lögreglunni og komst að þeirri niðurstöðu að í neðsta starfsstiginu störfuðu einungis um 37 % lögreglumanna á landinu. Af 646 menntuðum lögreglumönnum voru 159 sem störfuðu sem stjórnendur; aðalvarðstjórar og aðstoðar- og yfirlögregluþjónar. Þá eru ekki taldir með í stjórnendalaginu lögreglustjórar og aðstoðarlögreglustjórar og háttsettir yfirmenn ákæruvalds embættanna. Hér er gripið niður í niðurstöðukafla skýrslunnar:

„Innleiðing á nýskipan lögreglumála samkvæmt lögum nr. 46/2006 gekk að flestu leyti vel og hefur almennt orðið til þess að auka sveigjanleika og breyta áherslum í löggæslu. Á hinn bóginn var breytingin hinn 1. janúar 2007 ekki nægilega róttæk að mati nefndarmanna, til að tryggja bestu nýtingu mannafla innan lögreglunnar alls staðar á landinu. Sum lögreglulið eru mjög fámenn, hlutfall stjórnenda er í velflestum liðum hátt og markmið um sérstakar rannsóknardeildir hafa ekki fyllilega gengið eftir.“

Skýrsla Ríkisendurskoðunar 2006

Stjórnsýsluendurskoðun felur í sér mat á frammistöðu þeirra sem ríkisendurskoðandi hefur eftirlit með. Sérstaklega er horft til ▶

meðferðar og nýtingar ríkisfjár, hagkvæmni og skilvirkni hjá hinu opinbera og hvort framlög ríkisins skili tilætluðum árangri.

Stjórnsýsluendurskoðun er í raun frammistöðumat. Í henni felst almenn greining á því hvernig ráðuneyti, stofnanir og aðrir opinberir aðilar sinna lögbundnum verkefnum.

Fjallað er um stjórnskipulag löggæslu á Íslandi í skýrslu Ríkisendurskoðunar vegna stjórnsýsluúttektar sem gerð var á RLS árið 2006. Hér er fjallað um ákvæði lögreglulaga um að ríkislögreglustjóri í umboði pólitískt skipaðs ráðherra, sjá um málefni lögreglu:

„Ákvæðið verður ekki skilið öðruvísi en svo að RLS stýri lögreglunni landinu og að hún eigi að lúta boðvaldi embættisins á sama hátt og ef ráðherra ætti í hlut. Núverandi hlutverk RLS er ekki fyllilega í samræmi við þetta ákvæði þar sem embættið stýrir ekki lögreglunni nema að takmörkuðu leyti.“

Að mati Ríkisendurskoðunar er ástæðan tvíþætt:

„Dómsmálaráðherra hefur tvö af mikilvægustu stjórntækjunum; þ.e. bæði fjármálastjórn – fjárlagagerð, eftirlit með framkvæmd fjárlaga, millifærslur og ráðstöfun safnliða og árangursstjórnun lögreglunnar.“

Ríkisendurskoðun virðist hér benda á að ákvæði lögreglulaga kveði ekki nægjanlega skýrt á um hvert stjórnskipulag lögreglunnar raunverulega sé. Ríkisendurskoðun gerir skýrar tillögur til að bregðast við þessu ósamræmi:

„Hvað varðar mögulegar breytingar telur Ríkisendurskoðun að tvær leiðir komi til álita. Annars vegar að RLS fái aukið hlutverk við stjórnun lögreglunnar („danska leiðin“). Hins vegar að embættið fái hreinræktað stoð- og eftirlitshlutverk.

Eflt stjórnunarhlutverk „danska leiðin“ þessi leið felur í sér að RLS verði falin stjórnunarleg ábyrgð á allri löggæslu í landinu. Embættið fengi þannig sambærilegt hlutverk og systurstofnanirnar annars staðar á Norðurlöndunum.“

Starfshópur dómsmálaráðherra um sameiningu lögregluembætta skipaður 2009

Í kjölfar efnahagsáfallsins 2008 skipaði dómsmálaráðherra starfshóp sem átti að skoða stofnanauppbyggingu lögreglunnar og möguleikana sem fólust í því að sameina lögregluembætti. Markmiðin með skipan starfshópsins voru m.a.

> Einhvers staðar virðist vera töluverð tregða við að bregðast við þessum niðurstöðum.

„Leita þarf leiða til að þeir fjármunir sem veitt er til löggæslu nýtist sem allra best. Markmið skipulagsbreytinga eru ekki síst að auka möguleika til að mæta lægri fjárveitingum með hagræðingu fremur en niðurskurði þjónustu.“

Í skýrslunni er starf hópsins reifað og kemur fram að leitað var til helstu hagaðila, s.s. lögreglustjóra, ríkislögreglustjóra, ríkissaksóknara, sérstaks saksóknara, saksóknara efnahagsbrotadeildar, stjórnar Landssambands lögreglumanna, félags ákærenda, félags yfirlögregluþjóna, lögreglustjórafélagsins og sýslumannafélagsins, auk tollstjórans í Reykjavík og fleiri aðila í þeim tilgangi að fá fram sjónarmið þeirra varðandi skipulagsbreytingar:

„Í kjölfar þeirrar ákvörðunar óskaði dóms- og kirkjumálaráðherra eftir að Kjartan Þorkelsson, formaður lögreglustjórafélagsins, og Snorri Magnússon, formaður landssambands lögreglumanna, tækju að sér að starfa með hópnum til að útfæra framangreindar hugmyndir. Óskaði ráðherra eftir því að starfshópurinn ynni að nánari útfærslu og áætlun um framkvæmd og var hópnum falið að undirbúa og útfæra tillögur um að: Lögregluumdæmi landsins verði stækkuð frá því sem nú er og verði 6-8 talsins og starfi þau undir forystu umdæmisstjóra. Umdæmisstjórar verði undir stjórn eins lögreglustjóra á landsvísu. Lögregluembættin í landinu verði sameinuð í eitt lögreglulið.“

Skv. skýrslunni voru markmiðin þau að nýta sem best fjárveitingar sem settar eru í löggæslu og að veita sem besta þjónustu á landsvísu með því að nýta fyrirliggjandi sérhæfingu á landsvísu.

Í þetta sinn var lögð fram nákvæmur fjöldi embætta í tillögunum og útfærsla þeirra á landsvísu – að embættin yrðu sex að tölu í stað 15. Eitt í hverjum landshluta og tvö á suðvesturhorninu.

Skýrslan er um margt fróðleg og kannski helst fyrir það að í upphafi skýrslunnar er lagt af stað með þá hugmynd eftir viðtöl við alla hagaðila, að sameina löggæsluna í eina stofnun. Eftir kynningu á niðurstöðum starfshópsins fyrir lögreglustjórum var niðurstaðan sú að framkvæma þessar breytingar á stofnanauppbyggingu lögreglunnar í skrefum. Rökin fyrir því virðast við lestur skýrslunnar helst vera ótti við of miklar breytingar á skömmum tíma og að of mikil miðstýring væri óheppileg. Síðan eru liðin mörg ár.

Til að draga þessar skýrslur saman má segja að niðurstöðurnar hafi verið nokkuð skýrar; fækkun lögregluumdæma niður í fimm til sex væru til mikilla hagsbóta fyrir lögreglu og almenning. Einhvers staðar virðist vera töluverð tregða við að bregðast við þessum niðurstöðum.

Skýrsla innanríkisráðherra um störf nefndar um um grundvallarskilgreiningar löggæslu á Íslandi og gerð löggæsluáætlunar fyrir Ísland árið 2012

Árið 2012 var skipuð nefnd þar sem sæti áttu fulltrúar alla stjórnmálaflokka sem störfuðu á Alþingi, ríkislögreglustjóra, innanríkisráðuneytis og Landssambands lögreglumanna. Með nefndinni störfuðu einnig fulltrúar frá yfirlögregluþjónafélaginu og lögreglustjórafélaginu. Hryðjuverkin í Ósló og Útey árið áður voru að hluta til tilefni þessarar vinnu, en þrjú meginforgangsatriði voru skilgreind við vinnu nefndarinnar. Fjölgun lögreglumanna í útkallsliði, styrking sérhæfðra deilda, bæði rannsóknardeilda og deilda sem starfa á landsvísu, sem og að stórefla menntun, þjálfun og tækjabúnað lögreglumanna. Þetta mun hafa verið í fyrsta sinn sem sameiginleg nefnd fulltrúa bæði löggjafarvaldsins og framkvæmdarvaldsins vann saman að eflingu löggæslu. Sérstök þingsályktunartillaga var samþykkt 19. júní 2012 um grundvallarskilgreiningar löggæslu á Íslandi og gerð löggæsluáætlunar fyrir árin 2013 -2017. Til marks um metnað nefndarinnar var markmiðið að fjölga menntuðum lögreglumönnum um 236 og að í lok árs 2017 yrðu þeir 860 á landinu öllu.

Í sérstökum kafla um skipulag löggæslu á Íslandi er þetta tiltekið:

„Talsverðar breytingar hafa orðið á skipulagi lögreglunnar með fækkun og stækkun lögregluumdæma og eflingu miðlægrar starfsemi lögreglunnar og er nú stefnt að enn frekari fækkun og stækkun lögregluumdæma. Leiðir það eðli máls samkvæmt af þeirri þróun sem orðið hefur í fjarskiptum og samgöngum og breyttum kröfum til lögreglu samhliða breytingum í samfélaginu. Auk þess sem lögreglustarfið kallar á stöðugt aukna sérhæfingu svo sem vegna alþjóðlegrar lögreglusamvinnu, aðgerðarþjálfunar, rannsóknar flókinna sakamála, tækni- og tölvurannsókna o.fl.

Áfram er gert ráð fyrir óbreyttu hlutverki ríkislögreglustjóra og stefnt að því að aðskilja lögreglustjórn frá sýslumönnum og fækka umdæmum úr fimmtán í átta. Markmiðið er að efla þau og fjölga lögreglumönnum. Einnig er mikilvægt að styrkja miðlæga starfsemi á landsvísu hvað varðar þætti sem ekki verða byggðir upp hjá hverju lögregluliði eða eðli máls samkvæmt eiga heima á landsvísu.“

Í meðförum Alþingis var niðurstaðan sú að umdæmin urðu 9 í stað átta og ▶

umdæmismörk milli tveggja embætta voru færð til.

Þjálfun og tækjabúnaður lögreglu tók í kjölfarið framförum en í hægari skrefum en til stóð. Ekki er ósanngjarnt að nota mælikvarða til að meta árangur í þessum efnum; ef horft er til fjölgunar á menntuðum lögreglumönnum frá 2012 til 2017 kemur skýrt í ljós að þau markmið náðust engan veginn. Markmið starfshópsins frá árinu 2003 um 5-7 umdæmi eru enn nokkuð langt undan og ekki virðist hafa verið tekið tillit til ráðleggingа Ríkisendurskoðunar um skýra valdauppbyggingu lögreglunnar.

Skýrsla Ríkisendurskoðunar vegna stjórnsýsluúttektar 2020

Ríkisendurskoðun gerði aftur úttekt á embætti RLS árið 2019: „Ríkislögreglustjóri – fjárreiður, stjórnsýsla og stjórnarhættir“, skýrslan var gefin út 2020. Nýr ríkislögreglustjóri tók við 16. mars 2020 en fjölmiðlar fjölluðu talsvert um aðdraganda þess. Segja má að varnaðarorð þau sem lesa má í skýrslunni frá 2009 þar sem fjallað er um togstreitu og hlutverkaárekstur milli lögregluembættanna og RLS hafi hafi raungerst og náð hámarki síðla árs 2019.

Skýrsla Ríkisendurskoðunar er líkt og hin fyrrnefnda mikil að vöxtum eða tæpar 100 blaðsíður og á hún sammerkt með skýrslunni frá árinu 2006 að fjallað er ítarlega um skipulag löggæslu og stjórnun. Rétt er að taka fram að vinna við skýrsluna fór fram fyrri hluta árs 2019. Af lestri skýrslunnar má draga þá ályktun að Ríkisendurskoðun teldi það til mikilla bóta að á Íslandi væri stjórnskipulag löggæslu með röklegum og skýrum hætti;

> Traust almennings til lögreglu er mikilvægt og sá samfélagssáttmáli er mikilvæg grunnstoð við framkvæmd löggæslu.

„Að mati Ríkisendurskoðunar hefði dómsmálaráðuneyti þurft að huga sérstaklega að því að lögreglulög eru ekki nógu skýr um skipulag og stigveldi lögreglu. Bera þau með sér tilefni til ágreinings með því að ætla ríkislögreglustjóra yfirstjórnunarhlutverk í umboði dómsmálaráðherra á sama tíma og þau árétta sjálfstæði lögreglustjóra gagnvart Ríkislögreglustjóra.

Í stjórnsýsluúttekt Ríkisendurskoðunar á embætti ríkislögreglustjóra árið 2006 var bent á að verka- og ábyrgðarskipting stjórnskipulags lögreglu hafi þá ekki að öllu leyti verið rökleg eða í samræmi við grundvallarreglur stigveldisstjórnsýslu. Þær breytingar sem síðan hafa verið gerðar á lögreglulögum breyta í megindráttum ekki þessari ályktun.“

Kafli 5 í skýrslu Ríkisendurskoðunar frá 2020 fjallar síðan ítarlega um breytingar þær sem Norðurlöndin, Skotland og Holland hafa gert á stjórnskipulagi löggæslu. Alls staðar hefur verið ráðist í mikla fækkun lögregluembætta samfara stofnun ríkislögreglustjóraembættis með skýrt stjórnunarhlutverk. Í nágrannalöndum okkar hefur því verið horfið frá því héraðsstjórnunarkerfi sem var við lýði með það að markmiði að bregðast við breyttum þjóðfélagsaðstæðum. Ein af þeim mörgu breytingum sem þessu hefur fylgt er að ríkislögreglustjóraembættum þessara ríkja er falið að útdeila þeim fjármunum sem stjórnvöld skammta löggæslu hverju sinni.

Athugasemdir GRECO-nefndar Evrópuráðsins 2018

Evrópuráðið eða Council of Europe er ótengt bæði Evrópusambandinu (EU) og Evrópska efnahagssvæðinu (EES). Ísland er eitt 47 aðildarríkja Evrópuráðsins og varð tólfta aðildarríkið þann 7. mars 1950

Árið 2018 kom út skýrsla frá GRECO-nefndinni (Group of states against corruption), „Fifth evaluation round. Preventing corruption and promoting integrity in central governments (top executive functions) and law enforcement agencies“, þar sem gerðar voru ýmsar athugasemdir við löggæslu á Íslandi. Skýrslur GRECO enda ávallt á „recommendations and follow up“. Meðal annars má finna í skýrslu GRECO 18 tilmæli þar sem m.a. er fjallað um nauðsyn þess að gera ákveðnar breytingar á stjórnskipulagi löggæslu á Íslandi. Í skýrslunni segir í íslenskri þýðingu:

„Komið verði á fót miðlægri einingu eða ákveðnum aðila innan stofnanauppbyggingu lögreglunnar sem verði falið það hlutverk að annast innra eftirlit og rannsóknir, undir ábyrgð ríkislögreglustjóra, en embætti ríkislögreglustjóra á í framkvæmd að hafa skýrt leiðtogahlutverk þegar kemur að innri stefnumálum lögreglunnar, þar á meðal í tengslum við heilindi, áhættustjórnun og eftirlit með lögreglunni. Þá þarf jafnframt að endurskoða valdauppbyggingu innan lögreglunnar til að tryggja skilvirka innleiðingu stefnumótunar án afskipta ráðuneytis eða stjórnmála.“ (Þýðing Kjarnans sem fjallaði um skýrsluna árið 2018)

Hér vísar GRECO-nefndin til þeirrar staðreyndar að skv. lögreglulögum fer ráðherra bæði með stjórnunarvaldið og einnig fjárveitingarvaldið til allra lögregluembættanna.

16. nóvember 2020 kom út eftirfylgniskýrsla GRECO þar sem metið er hversu vel íslensk stjórnvöld brugðust við þessum 18 athugasemdum og framfylgdu þeim. Í niðurstöðukafla skýrslunnar kemur m.a. fram að einungis hafi verið brugðist á fullnægjandi hátt við fjórum af átján tilmælum GRECO, sjö tilmæli hafi að hluta til fengið framgang en önnur sjö engan framgang:

“As for Law enforcement agencies (LEAs), work is in progress, but with limited tangible results so far. It is expected that the on-going reorganisation of law enforcement bodies will fully address the requirements of GRECO’s recommendations. Appropriate resources remain to be effectively allocated, including for integrity-related activities. Moreover, the chain of command will have to be reviewed and political interference limited.”

Það er mikilvægt að mati GRECO-nefndarinnar, að það leiki enginn vafi á sjálfstæði lögreglu. Til þess þarf að draga úr möguleikum á pólitískum afskiptum. Traust almennings til lögreglu er mikilvægt og sá samfélagssáttmáli er mikilvæg grunnstoð við framkvæmd löggæslu. Auknu sjálfstæði fylgir eðlilega efling eftirlits með lögreglu – það eykur traust. Í litlu friðsömu samfélagi ætti lögregla að vera með yfir 90% traust en ekki á bilinu 70-80% líkt og undanfarin ár.

Ný reglugerð um ríkislögreglustjóra var gefin út árið 2021. Þar er ekki að finna ákvæði sem taka tillit til þessara fjölmörgu ábendinga sem eru reifaðar í skýrslum þeim sem hér hafa hlotið stutta umfjöllun. Stofnun lögregluráðs sem fjallað er um í umræddri reglugerð hefur ekki leyst úr þeim stjórnskipulegu vandkvæðum sem íslensk löggæsla býr við. Lögregluráðið festir í sessi þá flötu mynd sem birtist í stjórnskipulagi sem á að vera lóðrétt en er lárétt skv. mati bæði Ríkisendurskoðunar og GRECO-nefndarinnar.

Niðurstaða

Fjölmargir innlendir og erlendir sérfræðingar hafa ítrekað undanfarin ár lagt fram tillögur um nauðsynlegar breytingar á stjórnskipulagi lögreglu. Það er löngu tímabært að bregðast við þessum tillögum. ●

Runólfur Þórhallsson
Lögreglumaður 8917

Skoðuðu samskipti við fólk með geðraskanir

Hafdís Smáradóttir (t.v.) og Sæunn Björk Pétursdóttir.

Ég fékk hugmyndina eftir að ég byrjaði að vinna innan geðþjónustunnar á Landspítalanum. Ég tók eftir því, þegar ég vann með skjólstæðingum, að þeir höfðu sumir hverjir neikvætt viðhorf gagnvart lögreglunni.“ Þetta segir Hafdís Smáradóttir í samtali við Lögreglumanninn. Hafdís vann, ásamt Sæunni Björk Pétursdóttur, lokaritgerð til BA-prófs í lögreglu- og löggæslufræði við Háskólann á Akureyri síðastliðið vor. Yfirskrift ritgerðarinnar er „Hvernig má bæta þjálfun lögreglumanna í samskiptum við fólk með geðraskanir?“

Þær Hafdís og Sæunn leituðust við að svara því hvert umfang og eðli samskipta lögreglu við fólk með geðraskanir væru, hvaða viðhorf fólk með geðraskanir og lögreglumenn hefðu hvert til annars og hvaða þjálfun lögreglumenn fengju í að fást við fólk með geðraskanir.

Eins og áður segir kviknaði hugmyndin þegar Hafdís hóf að vinna með fólki með geðraskanir í starfi sínu en hún hefur unnið á Landspítalanum frá 2019, með hléum. Þar fann hún fyrir neikvæðu viðhorfi skjólstæðinga gagnvart lögreglu. „Ég fékk jafnvel að heyra að það væri ofbeldisfólk innan lögreglunnar. Ég var spurð hvort ég væri ofbeldismaður,“ útskýrir Hafdís. „Það var þá sem ég fór að velta fyrir mér samskiptum þessara hópa – hvort þeim væri ábótavant.“

Vantar íslenskar rannsóknir

Hafdís segir að fljótlega hafi komið í ljós að íslensk gögn sem svarað gætu þessum spurningum væru mjög af skornum skammti. Orðauppfletting í gagnagrunni lögreglunnar hefði litlu skilað. Fyrir vikið byggðu þær verkefnið sitt og niðurstöður að stórum hluta á erlendum rannsóknum um viðfangsefnið.

Erlendar rannsóknir benda til að fólk með geðraskanir sé ekki hættulegra en annað fólk. Aðrar rannsóknir benda þrátt fyrir það til þess að lögreglumenn óttist þennan hóp; telji hann óútreiknanlegri og hættulegri. „Það er auðvitað ekkert annað en vanþekking,“ segir Hafdís og bætir við að skilningur sé lykilþáttur í samskiptum þessara hópa. „Rannsóknir benda til þess að ef það er aukinn skilningur á milli hópa þá verði útkoman á vettvangi betri fyrir þá sem eru veikir fyrir.“

Skortur á skilningi ýtir undir átök

Fram kemur í ritgerð Hafdísar og Sæunnar að í kanadískri rannsókn frá 2014, þar sem rætt var um skynjun og reynslu fólks með geðraskanir af samskiptum þess við lögreglu, hafi þátttakendur stungið upp á að auka hæfni og þekkingu lögreglumanna til að bregðast við slíkum aðstæðum með aðferðum sem ekki fela í sér árásargirni eða ofbeldi. Margir bentu á að viðbrögð lögreglu á vettvangi gegndu lykilhlutverki í því hvernig til tækist á vettvangi; hvort aðstæður þróuðust út í mótþróa eða ofbeldi.

Í bandarískri rannsókn frá 2004 kom fram að skortur á menntun, þjálfun, stefnumótun og verklagsreglum lögreglu ylli því að þeir lögreglumenn sem sinni útköllum tengdum fólki með geðraskanir hefðu tilhneigingu til að bregðast rangt við á vettvangi. Í sömu rannsókn kom fram að ef skilningur á milli lögreglu og fólks með geðraskanir væri lítill væri líklegra að upp kæmu aðstæður sem leiddu til líkamlegra átaka. „Þeir lögreglumenn sem skynja hættu fyrir komu á vettvang eru líklegri til að beita líkamlegu afli og leysa úr vandasömum aðstæðum á sem sneggstan hátt samanborið við þá sem hafa þekkingu á geðröskunum og óttast ekki þennan tiltekna hóp fólks. Ástæður þess að lögreglumenn óttast fólk með geðraskanir geta verið margvíslegar, en fremur algengt er að lögreglumenn telji að um óútreiknanlega og hættulega einstaklinga sé að ræða,“ segir í ritgerðinni.

Í rannsókninni kom enn fremur fram að lögreglumenn hefðu meiri samúð með einstaklingum sem greindir höfðu verið með geðklofa en einstaklingum án greiningar og virtust vera almennt viljugri til að aðstoða einstaklinga sem höfðu slíka greiningu.

Geðraskanir ýti ekki undir ofbeldi

Í íslenskri rannsókn frá 2007 var rýnt í tilkynningar um 685 ofbeldisbrot gegn ▶

VIÐ ÓSKUM LÖGREGLUMÖNNUM VELFARNAÐAR Í STARFI

Prófílstál ehf
Rafiðnaðarsamband Íslands
Raflax ehf
Rafsvið sf
Rafval sf
RARIK
Ratsjá ehf
Rásin sf, rafverktaki
Remax Senter
Reykjafell hf
Reykjagarður hf
Reykjavíkurborg
Rikki Chan ehf
Rima Apótek
Samsýn ehf
Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja-SSF
Seljakirkja
Shalimar, Pakistanska veitingahúsið
Sjómannafélag Íslands
Skipaþjónusta Íslands ehf
Skolphreinsun Ásgeirs sf
Skorri ehf
Skotfélag Reykjavíkur
SM kvótaþing ehf
SOS tölvuhjálp, s: 777 0003
Sprinkler pípulagnir ehf
Stálbyggingar ehf
STEF - Tónlist er mikils virði
Stólpi Gámar ehf
Straumkul ehf
Stúdíó Vík ehf www.levante.is, s: 568 7282
Styrja ehf
Sunnugisting ehf
Sushi Social
Suzuki á Íslandi
Söluturninn Vikivaki
Tandur hf
Tannlæknastofa Jóns Ólafs
Tannréttingastofan ehf
TBG ehf
Tensio ehf
Terra Export ehf
THG Arkitektar ehf
Tollvarðafélag Íslands
Tónastöðin ehf
Trausti Bragason ehf
Trausti fasteignasala ehf
Trésmiðja Pálma ehf
Trévirki ehf
Trévirkinn ehf
Tönnin ehf
Úðafoss ehf, efnalaug
Útfaraþjónusta Rúnars Geirmundssonar
Útgerðarfélag Reykjavíkur hf
Vals tómatsósa ehf
Valva lögmenn
VDO ehf
vefhysing.is
Velmerkt ehf
Verkfræðistofan Víðsjá ehf
Verkfærasalan ehf
Verslunin Álfheimar
Verslunin Vínberið
Vesturröst-Sérverslun veiðimanna
Vélar og verkfæri ehf
Vélsmiðja Einars Guðbrandssonar sf
Vélsmiðjan Altak ehf
Vélvík ehf
Við og Við sf
Vinnufatabúðin
Vitabar, veitingahús
Víkurós ehf, bílamálun og réttingar
VOOT ehf
Vottunarstofan Tún ehf, vottun sjálfbærra náttúru nytja
VT Þjónustan ehf
Vörubílastöðin Þróttur hf
Würth á Íslandi ehf
Z - brautir og gluggatjöld
Þ.B. verktakar ehf
Þ.G. verktakar ehf
Þorsteinn Bergmann ehf
Þrír Frakkar hjá Úlfari, veitingahús
Örninn - hjól

SELTJARNARNES
Horn í horn ehf, parketlagnir
Rafspor ehf

VOGAR
Sveitarfélagið Vogar

KÓPAVOGUR
Alhliða pípulagnir sf
Arkís arkitektar ehf
Arnardalur sf
Ásborg slf
Baader Ísland ehf
Bak Höfn ehf
Bifreiðastillingin ehf
Bifreiðaverkstæði Kópavogs ehf
Bifreiðaverkstæðið Toppur ehf
Birtingaholt ehf
Bílamarkaðurinn
Bílasprautun og réttingar Auðuns
Bílaþvottastöðin Lindin ehf
Bílhúsið ehf
Bíljöfur ehf, gul gata
Bílstál ehf
Blikksmiðjan Vík ehf
Cafe Catalina
CAR-MED ehf bílaverkstæði
Clinica tannlæknastofa
Dressmann á Íslandi ehf
Eignaborg, 35 ára
Fagtækni ehf
Fatahreinsun Kópavogs
Fríkirkjan Kefas
GG Sport
Gullsmiðja Óla
H. Hauksson ehf
Hagblikk ehf
HÁ hreinu ehf
Heildverslun B.B. ehf
Hringás ehf
Hvammshólar ehf
Hvellur-G. Tómasson ehf
Hvísl ehf
Höll ehf
Iðnaðarlausnir ehf
Ingimundur Einarsson ehf málari
Ísfix ehf
Ísnes ehf, heildverslun
Jarðval sf
Jákó sf
JS-hús ehf
Kjöthúsið ehf
Klippt og skorið hársnyrtistofa
Kraftvélar ehf
Lakkskemman ehf
Lax-á ehf
Litalausnir málningarþjónusta ehf
Lín design
Línan ehf
LK pípulagnir ehf
Loft og raftæki ehf
Lögfræðistofa Jóhanns B.
Lögmenn Kópavogi
Mannberg ehf vélsmiðja
Núpalind ehf
Ólafssynir ehf
Pottagaldrar ehf
Prófíll tannréttingar slf
RadioRaf ehf
Rafnar ehf
Rafport ehf
Rafsetning ehf
Rafvídd ehf
Reyk- og eldþéttingar ehf
Rubix Ísland ehf
S.Þ. verktakar ehf
Saumastofa Súsönnu
Sláttu- og garðaþjónusta Suðurlands
Suðurverk hf
Teledyne Gavia ehf
Tengi ehf
Tern Systems ehf
Topplagnir ehf
Vatnsborun ehf
Víkingbátar ehf
Zenus - sófar & gluggatjöld
Þvegillinn ehf

> Draga [má] þá ályktun að fólk sem glímir við geðraskanir sé ekki líklegra til að ráðast á lögregluna.

lögreglumönnum, á árunum 1998-2005. Þar kom fram að talið var að árásarmaðurinn stríddi við geðræn vandamál í um sjö prósent tilvika. Þetta rímar við erlendar rannsóknir. Í stórri breskri rannsókn frá 2020, sem ber yfirskriftina The link between mental health, crime and violence, þar sem bornir voru saman hópar einstaklinga með og án geðraskana, kom í ljós að enginn marktækur munur væri á hópunum tveimur hvað varðaði reiði, líkamlegt ofbeldi, munnlegt ofbeldi og ófrið. Báðir hópar fengu svipaðan stigafjölda í mælingunni.

„Þar af leiðandi má draga þá ályktun að fólk sem glímir við geðraskanir sé ekki líklegra til að ráðast á lögregluna heldur en þeir sem lögreglan hefur afskipti af og eru ekki með geðraskanir. Aðstæður sem varða fólk með geðraskanir geta hins vegar oft verið krefjandi og ef ekki er rétt staðið að málum er líklegra að til átaka komi," segir í ritgerðinni.

Lítið kennt um geðraskanir

Hafdís, sem er 25 ára, lauk bóklegum hluta lögreglunámsins síðasta vor en hefur ekki ákveðið hvort hún fari í starfsnám eða leggi fyrir sig hjúkrunarfræði. Spurð hvernig fjallað hafi verið um samskipti við fólk með geðraskanir í náminu svarar Hafdís því til að skortur á slíkri kennslu hafi verið áberandi. Raunar hafi námið verið illa skipulagt á köflum. „Það var lítið kennt um geðraskanir almennt og hvernig gott gæti verið að nálgast þessa einstaklinga." Hún segir að í því ljósi sé tilefni til að rannsaka samskipti lögreglumanna og þessa hóps á Íslandi. „Ég myndi líka vilja sjá þessi tilvik betur skráð hérna heima svo hægt væri að skoða samskiptin," segir Hafdís en bætir við að slík skráning geti verið vandkvæðum háð vegna persónuverndarlaga. ●

Enn fylgja mér gömul sár

Aðsend grein frá lögreglumanni sem upplifði einelti á vinnustað. Athugull félagi greip inn í á ögurstundu.

Ég sat heima við nú fyrir ekki svo löngu og ákvað að horfa á heimildamyndina „Þögul tár" sem fjallar um sjálfsvíg á Íslandi frá ýmsum hliðum. Um leið varð mér hugsað til hinna ýmsu ástæðna sem fólk finnur og af hverju þessi vanlíðan getur orðið svona gífurleg. Af hverju fór ég að velta þessu fyrir mér? Jú, ég var kannski kvöldstund frá því að tilheyra tölfræðinni í myndinni.

Lögreglustarfið getur oft og iðulega orðið einmanna vettvangur. Þá er hér ekki verið að tala um með beinum hætti útköllin eða þau verkefni sem lögreglumaðurinn þarf að sinna. Eins og allir lögreglumenn vita að þá geta þessi verkefni verið af ýmsum toga, allt frá einföldustu málum í þau allra erfiðustu og öll flóran er þarna undir. Það er engin lygi þegar sagt er að þegar aðrir hlaupa frá hættunni að þá hleypur lögreglumaðurinn í hættuna, en þetta er einfaldlega hluti starfsins.

En einmannaleikinn getur komið inn í huga lögreglumannsins þegar verkefninu er lokið á lögreglustöðinni og/eða þegar heim er komið því þá þarf lögreglumaðurinn að takast á við verkefnin eða þau áföll sem hann varð fyrir í starfinu. Hann birtist jafnvel í því að lögreglumaðurinn getur heldur ekki sagt maka sínum eða fjölskyldu frá því sem kom uppá í vinnunni. Einmannaleikinn getur orðið að andlegri bugun lögreglumanns sem enginn tekur jafnvel eftir — fyrr en það er orðið of seint.

Hvert tækifæri var nýtt

Fyrir nokkuð mörgum árum hóf ég störf í lögreglunni og var settur á vakt. Lítið vissi ég að það öryggi og það björgunarnet sem lögreglustöðin og vaktfélagarnir áttu að vera í mínum huga átti eftir að verða ein versta vítishola í mínu lífi. Það er erfitt að koma orðum að því hvar eða hvernig þetta byrjaði en ég varð fyrir ítrekuðu og stundum grófu einelti á mínum vinnustað og því miður einskorðaðist það ekkert við vaktina.

Það var ekki eitthvað eitt og þetta gerðist ekkert um leið og maður byrjaði heldur kom þetta jafnt og þétt og jókst svo gríðarlega eftir því sem á leið. Hvers lags einelti innan vaktar eða stöðvar hjá lögreglu er mögulegt að tala um? Jú, varðstjórinn gerði ítrekað lítið úr manni m.a. með því að tala mann niður, kalla mann ýmsum nöfnum, gera grín af manni, hlæja eða flissa ef maður kom með einhverja hugmynd eða yfir höfuð hafði eitthvað að segja. Þá voru nýtt hvert tækifæri að núa manni um nasir ef eitthvað var.

Þetta hefði kannski verið allt í góðu og maður hefði alveg getað „höndlað" það hvernig varðstjórinn talaði og lét við mann en þegar að hann gerði í því að gera fram- ▶

VIÐ ÓSKUM LÖGREGLUMÖNNUM VELFARNAÐAR Í STARFI

GARÐABÆR
66° Norður
AÞ-Þrif ehf
Eureka Golf ehf
Fagval ehf
Garðabær
Geislatækni ehf - Laser þjónustan
GPJ ráðgjöf ehf
Hagráð ehf
Hannes Arnórsson ehf
Ingi hópferðir ehf
Innbak hf
Krókur
Læknatorg sf
Pípulagnaverktakar ehf
Rafskoðun ehf, faggilt skoðunarstofa
Rafþjónustan slf
S.S. Gólf ehf
Samey sjálfvirknimiðstöð ehf
Stíflulþjónustan ehf
Úranus ehf
Val - Ás ehf

HAFNARFJÖRÐUR
Aflhlutir ehf
Altis ehf
Apótek Hafnarfjarðar
Aros ehf
Barkasuða Guðmundar ehf
Blikkhella ehf
Bortækni ehf
Bókhaldsstofan ehf
Colas Ísland
Danco - Daníel Pétursson ehf
Efnalaugin Glæsir
Eldvarnarþjónustan ehf
EMO ehf
Essei ehf
Firring ehf
Fjarðarmót ehf
Flúrlampar ehf
G.S. múrverk ehf
Geymsla Eitt ehf
GT Verktakar ehf
Hafnarfjarðarbær
Hafnarfjarðarhöfn
Hagmálun slf
Hagstál ehf
Hallbertsson ehf
Hársnyrtistofan Fagfólk ehf
HB búðin
H-Berg ehf
ihverslun.is
Íslensk hollusta ehf
J.Ólafsson ehf
J.T. litir ehf
Kjötkompaní ehf
Lögmenn Thorsplani sf
Markus Lifenet, björgunarbúnaður
Músik og Sport ehf
Nonni Gull
Orkuver ehf
Pylsubarinn Hafnarfirði
Rafgeymasalan ehf
Rafrún ehf
Reikningar og ráðgjöf ehf
Rúnir verktakar ehf
SIGN ehf, skartgripaverkstæði
Skerpa renniverkstæði
Snittvélin ehf
Sport-Tæki ehf
Stál og suða ehf
Stokkhylur ehf
STOR stórlagnir og ráðgjöf ehf
Strendingur ehf
Sætækni ehf
Terra - efnaeyðing
ThorShip
Trésmiðjan okkar ehf
Úthafsskip ehf
Verkfræðistofan Afl og Orka ehf
Verkþing ehf
Vetis ehf
Vélsmiðja Konráðs Jónssonar sf
Víðir og Alda ehf
Vökvatæki ehf
Þaktak ehf

ÁLFTANES
GO múrverk ehf

REYKJANESBÆR
algalif.com
Benni pípari ehf
Bergnet ehf
Bergraf ehf
Bílar og Hjól ehf
Bílasprautun Magga Jóns ehf
Bílrúðuþjónustan ehf
Blikksmiðja Ágústs Guðjónss ehf
Brunavarnir Suðurnesja
DMM Lausnir ehf
Efnalaugin Vík ehf
Ferðaþjónusta Reykjaness ehf
Happy Campers ehf
H-nál saumastofa og verslun ehf
Hótel Keflavík ehf
Ístek ehf
Kalka sorpeyðingarstöð sf
Kast.is
Lögmannsstofa Reykjaness
Maggi & Daði málarar ehf
Maron ehf
Málverk slf
Millvúd Pípulagnir ehf
Reykjanesbær
Rétt sprautun ehf
Rörvirki sf, Lúðvík Gunnarsson
Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum
Skipasmíðastöð Njarðvíkur hf
Skólar ehf
Sporthúsið Reykjanesbæ
TM Bygg ehf
Toyota Reykjanesbæ
Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágrennis

GRINDAVÍK
Bakaríið Hérastubbur ehf
Einhamar Seafood ehf
Grindavíkurbær
H.H. Smíði ehf
Stakkavík ehf
TG raf ehf
Þorbjörn hf

SUÐURNESJABÆR
Lighthouse Inn
Aukin Ökuréttindi ehf
Verk- og tölvuþjónustan ehf
Verslunarfélagið Ábót
Völundarhús ehf

MOSFELLSBÆR
Á. Óskarsson og Co ehf
Álgluggar JG ehf
Berg fasteignasala
bilalokkun.is, kopsson.is
Elektrus ehf - löggiltur rafverktaki
Glertækni ehf
Gylfi Guðjónsson ökukennari, s: 6960042
Ísfugl ehf
Kopar & Zink ehf
Málningarþjónusta Jónasar ehf
MIG Verk ehf
Mosfellsbakarí
Nonni litli ehf
Nýja bílasmiðjan hf
Pípulagningaþjónusta B Markan ehf
Rafís ehf
Reykjabúið ehf
Spíssar ehf - stíflulþjónusta
Útilegumaðurinn ehf
ÞÓB vélaleiga ehf
Öryggisgirðingar ehf

AKRANES
Akraneskaupstaður
Alur Álvinnsla ehf
Bifreiðastöð Þórðar Þ. Þórðarsonar
Búvélaverkstæðið
Framvinda ehf
Garðar Jónsson, málarameistari
Hvalfjarðarsveit
Ljósin

angreint fyrir framan aðra á vaktinni, til að fá alla til að hlæja á minn kostnað, var þetta orðið ansi erfitt enda fóru aðrir á vaktinni að taka undir og jafnvel taka þátt með varðstjóranum. Sem dæmi má nefna að varðstjórinn átti það reglulega til þegar nýtt fólk kom á vaktina og var að kynna mig að segja „Já og svo hlustarðu ekkert á það sem kemur út úr honum...“.

Engin undankomuleið

Þetta ástand varð til þess að ég fór að draga mig ítrekað til hlés þegar ég var á vaktinni og þegar við vorum á stöðinni að þá fór ég ítrekað til hliðar, sat einn fyrir framan tölvuna, á meðan hinir á vaktinni spjölluðu og hlógu, já og stundum heyrði maður að verið var að tala um mann. Þá gæti maður eflaust hugsað „Er þá ekki bara best að fara út að vinna?“ Jú, það var viss leið en þegar staðan var orðin sú að aðilarnir í bílnum héldu þessu áfram þegar þar var komið að þá var þetta engin undankomuleið, síður en svo.

En vandamálið varð svo bara stærra og maður fór að taka þessu frekar illa á stundum og reyna svara fyrir sig og ljóst var að það gerði bara illt verra. Ég reyndi ítrekað að fá að vera með öðrum en vaktfélögunum á bíl þegar aukavinnumenn voru á vaktinni okkar og svo merkilega vildi til að þar fékk maður sem betur fer stundarfrið og voru nánast mínir einu, örfáu, félagar á lögreglustöðinni af öðrum vöktum.

„Hann er heimskur“

Þetta keyrði að sjálfsögðu allt um þverbak enda kom fyrir að vakt „félagi“ réðist á mig á vaktinni. Varðstjórinn vildi að sjálfsögðu ekkert gera enda voru „gerandinn“ og hann góðir félagar. Það tók því miður ekki betra við þegar reynt var að ræða við yfirmenn því þrátt fyrir að á mig væri ráðist að þá var ég vandamálið. „Hann er heimskur, vitlaus, bjáni, þrjóskur, þver o.s.frv. o.s.frv.“. Það varð litlu skárra þegar að yfirmaður okkar, aðstoðaryfirlögregluþjónn, var farinn að taka undir með varðstjóranum, t.d. þegar við vorum á kaffistofunni. Ég átti mér ekki viðreisnar von.

> Varðstjórinn gerði ítrekað lítið úr manni m.a. með því að tala mann niður, kalla mann ýmsumn öfnum, gera grín af manni, hlæja eða flissa.

Þetta ástand gekk í raun svo langt að þegar heim var komið voru hugsanirnar ekki glaðværar ofan á allt annað álag útkallana og verkefnanna. Ég svaf orðið lítið sem ekkert, vildi ekki fara út úr húsi þegar ég var í frí og hugsanirnar um hvort ég væri ekki bara best geymdur annarsstaðar eða einfaldlega að gefast upp á þessu lífi. Ekkert gekk upp.

Vendipunktur þegar félagi greip inn í

Af einhverri ástæðu var einn aðili sem fékk að vita af ástandi mínu í gegnum þriðja aðila sem ég hafði sagt frá hugsununum mínum þegar ég var í einhverju ölæði þ.e. svefnleysinu og þeim hugsunum sem ég var farinn alvarlega að hugsa um að láta verða af.

Um leið og sá aðili frétti þetta var hann kominn heim til mín og innan við viku síðar var ég búinn að fá tíma hjá lækni (fyrir hans tilstuðlan) til að hjálpa mér með svefninn og í beinu framhaldi tíma hjá sálfræðingi. Þá nánast skipaði hann mér að hringja mig inn veikan næstu daga í vinnunni. Ég sagði honum svo sem ekkert frá stöðunni í vinnunni enda skammaðist ég mín ósegjanlega mikið fyrir það ástand og í mínum huga algjörlega mér að kenna.

Þegar þarna var komið náðust viss tök á lífinu. Það varð síðan úr að ég flutti mig og þá var eins og það hefði einfaldlega opnast ný veröld í starfinu. Skyndilega var ég kominn með varðstjóra sem kom eðlilega fram við mig og alla aðra á vaktinni. Það leið ekki hálft ár á nýjum stað þar til ég var látinn leysa af sem varðstjóri og fljótlega settur varðstjóri. Allt var því á réttri leið og lífið utan starfsins fór að verða lítið mál og yndislegra að öllu leiti.

Að sjálfsögðu komu einhver minniháttar bakslög í líðan en ekkert sem maður var ekki búinn að læra tækla. Jafnvel þó minn gamli varðstjóri hafi komið og rætt við einn af lögreglumönnunum á vaktinni og byrjað að tala mig niður. Það hjálpaði þó mikið til að þessi ungi lögreglumaður sem varðstjórinn var að tala við mótmælti honum einfaldlega og varðstjórinn fór vandræðalegur frá og varð enn vandræðalegri þegar hann sá mig í næsta herbergi og vissi að ég hefði heyrt allt sem fram fór.

Síðan þetta varð hefur margt vatn runnið til sjávar og ég starfa hér enn. En það get ég svarið að ekki einn einasti lögreglumaður hefur nokkurn tíma vitað hvernig staðan var í raun hjá mér. Þó voru ótal merki sem maður vissulega sendi frá sér en þá var ekkert hlustað, nema af einum einstaklingi.

Lögreglan myndi í dag, vona ég, taka öðruvísi á þessum hlutum en gert var þá. Þetta hefur og mun aftra mér í starfi. Enn fylgja mér viss gömul sár.

Nýtum verkfærin sem bjóðast

Nú höfum við aðgang að sálfræðiaðstoð og félagastuðningi. Nýtum þessi verkfæri því það er lögreglumanninum jafn mikilvægt ef ekki mikilvægara að sinna andlegri heilsu heldur en þeirri líkamlegu. Verum vakandi fyrir félögunum og reynum að styðja þá. Það að einhver samstarfsmaður svari þér illa, með skæting eða á annan „leiðinlegan“ máta getur verið merki um að ekki sé allt eins og það á að vera. ●

Höfundur er lögreglumaður

Ásar - þýðingar og túlkun slf.

Ellen Ingvadóttir, löggiltur dómtúlkjur og skjalaþýðandi, EU-ACI

Almennar og löggiltar þýðingar, dóm- og ráðstefnutúlkun, textaráðgjöf.
Aðili að rammasamningi Ríkiskaupa (RK-14.10).

Ásar – þýðingar og túlkun slf » Reykjavík » Sími: 897 2717
Netfang: ellening@simnet.is

Íslandsbanki
Hvalur hf.
inter.
park inn by Radisson
REYKJAVIK KEFLAVIK AIRPORT
K.C.-MÁLUN.is
Opin Kerfi
Kjörís
LANDFORM
LANDSLAGSARKITEKTAR
MEÐ LÖGUM SKAL LAND BYGGJA
FORTIS
Lögmannsstofa
MAGNA
LÖGMENN
N1
NORÐURÞING
olís
KFC
LOPI
PRIKIÐ
STOFNAÐ 1951
Marc O'Polo
Sensa
By Crayon

Stórsókn í menntun lögreglumanna

Nú í haust er gert ráð fyrir verulegri fjölgun nemenda í diplómanámi fyrir verðandi lögreglumenn við Háskólann á Akureyri þegar allt að 100 nemendur munu hefja nám. Óvíst er hvort nægjanlega margir hæfir umsækjendur sæki um að komast inn í námið en inntökuskilyrði eru óbreytt. Þrátt fyrir að fjöldi umsækjenda hafi verið um 260 árið 2021 voru 100 sem stóðust inntökuskilyrðin og 50 hófu nám. Til að fjölga hæfum umsækjendum höfum við í fyrsta sinn auglýst námið sérstaklega á vefmiðlum umfram þær auglýsingar sem Háskólinn á Akureyri sér um að birta. Einnig hafa lögreglumenn sem starfa víða um land skrifað greinar, heimsótt skóla og hvatt fólk til að sækja um í lögreglunámi. Afar mikilvægt er að allir leggi hönd á plóg til að við höfum val um umsækjendur til að fá sem hæfast fólk. Það þýðir að við þurfum mun fleiri en 100 umsækjendur ef ætlunin er að ná inn þeim fjölda.

Ný námsleið fyrir starfandi afleysingafólk í lögreglu með a.m.k. 5 ára starfsaldur

Þetta er ekki eina breytingin sem ráðist var í til að fjölga menntuðum lögreglumönnum. Áratugum saman hefur afleysingafólk í lögreglu brúað bilið þegar skortur hefur verið á menntuðum lögreglumönnum til starfa. Sumir þessara afleysingamanna hafa starfað lengi og dæmi eru um að einstaka afleysingamenn hafi hátt í 20 ára samanlagðan starfsaldur. Í ljósi þeirrar þróunar sem átt hefur sér stað í öðru háskólanámi, svo sem leikskólakennarafræðum, verður sett á fót tilraunaverkefni í tvö ár til að meta starfsreynslu til styttingar á lögreglufræðinámi. Ekki er verið að gefa afslátt af þeirri færni og þekkingu sem nemandi á að búa yfir við lok náms en verklegi þátturinn verður metinn með einstaklingsmiðuðu raunfærnimati. Sá hópur sem á þess kost að fara þessa leið er ekki stór en miðað við tölur frá lögregluembættum landsins eru um 10 manns sem hafa starfað lengur en 5 ár við afleysingar í lögreglu og eru starfandi enn. Þessi hópur býr yfir mikilli reynslu og færni sem eðlilegt er að meta með formlegum hætti. Flestir starfa í dreifðari byggðum þar sem erfiðlega hefur gengið að fá menntaða lögreglumenn til starfa og er þetta því afar mikilvægt samfélagslegt verkefni til að tryggja íbúum þeirra umdæma sem þeir starfa í sem besta þjónustu lögreglu.

Eins og fyrr segir er ekki verið að gefa afslátt af náminu og þeir sem fara í gegnum raunfærnimat þurfa að uppfylla sömu hæfniviðmið námskeiða og þeir sem sitja námskeiðin og undirgangast próf. Þannig verður sama lokapróf í skýrsluskrifum, valdbeitingu, notkun skotvopna, AMF o.fl. Námið er skipulagt með sama hætti og lögreglufræðinám fyrir verðandi lögreglumenn en færri einingar eru fyrir starfsnámið sem fer að mestu leyti fram hjá lögregluembættunum sem viðkomandi starfar hjá. Nemendur verða því að standast sömu námskeið og þeir sem eru á námslínunni fyrir verðandi lögreglumenn og mun MSL annast öll próf og námsmat.

Hvað er þá öðruvísi við þessa námslínu fyrir afleysingafólk í lögreglu?

Í september 2021 skilaði starfshópur á vegum dómsmálaráðuneytisins niðurstöðum sínum um nám í lögreglufræðum. Ein af tillögum starfshópsins var að breyta inntökuskilyrðum í námsleiðina diplómanám í lögreglufræðum fyrir starfandi lögreglumenn. Starfshópurinn lagði til að mennta- og starfsþróunarsetrið skoði hvort rétt sé að tengja viðmið um þrek og styrk við aldur, en að öðru leyti verði inntökuskilyrðin þau sömu og á námslínunni fyrir verðandi lögreglumenn. Starfshópurinn skoðaði heimildir út frá lögreglulögum nr. 90 frá 1996 en þar kemur fram í 38. gr., sem fjallar um inntökuskilyrði nema í starfsnám hjá lögreglu, e-lið, að ráðherra setji nánari kröfur með reglugerð. Í reglugerð um mennta- og starfsþróunarsetur lögreglu nr. 221 frá 2017 er fjallað nánar um inntökuskilyrði nema í starfsnám hjá lögreglu. Þar kemur fram að mennta- og starfsþróunarsetrinu sé heimilt að setja önnur viðmið hvað varðar heilbrigðiskröfur og styrk og þrek fyrir héraðs- og afleysingafólk í lögreglu. Útfærsla á þessum kröfum var svo rædd á fundi lögregluráðs í febrúar 2022 og í kjölfar þeirrar umræðu var ákveðið að afleysingafólk þurfi að standast sömu heilbrigðiskröfur en að kröfur um þrek og styrk miðist við launaþrekpróf lögreglumanna. Þrekprófin eru því eina frávikið frá almennu inntökuskilyrðunum, enda á þessi námsleið eingöngu við um þá sem starfað hafa lengi við afleysingar hjá lögreglu og eru því alla jafna talsvert eldri en hinn hefðbundni nýnemi í lögreglufræðum. Þó að umrætt afleysingafólk hafi staðist þrekpróf við upphaf starfs kann það af ýmsum ástæðum að eiga erfitt með það í dag. Það sama á við um fjölda starfandi lögreglumanna sem eru nú á besta aldri.

Með því að stórauka fjölda nýnema í lögreglufræði fyrir verðandi lögreglumenn og mennta starfandi afleysingafólk með langan starfsaldur er bæði verið að bæta þjónustuna við almenna borgara og auka öryggi lögreglumanna á vettvangi. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarflokkanna er stefnt að fjölgun lögreglumanna og því er nauðsynlegt að fjölga nemendum og bæta starfsumhverfi lögreglumanna. Mikilvægt er að tryggja gæði námsins þrátt fyrir tímabundið álag á þá sem að náminu koma. Fagleg mótun lögreglumanna er ekki einkamál Háskólans á Akureyri og ríkislögreglustjóraembættisins. Öll lögregluembætti landsins taka þátt í félagsmótun nýrra lögreglumanna og því hlutverki þarf að sinna af fagmennsku. Við hlökkum því til að vinna með ykkur öllum að eflingu lögreglunnar! ●

Ólafur Örn Bragason,
forstöðumaður mennta- og starfsþróunarseturs lögreglu

> Fagleg mótun lögreglumanna er ekki einkamál Háskólans á Akureyri og ríkislögreglustjóra embættisins

Orlofsmál árið 2022

Opnað var fyrir umsóknir fyrir sumarúthlutun orlofshúsa félagsins þann 22. mars. Hægt verður að sækja um til 5. apríl. Að þeim tíma loknum er úthlutað eftir punktastöðu. Tímabilið sem hægt verður að sækja um er frá 3. júní til 26. ágúst.

Í boði eru tvö hús í Munaðarnesi, bæði endurbyggð, orlofshúsið á Geysi, við Flúðir og síðan íbúð við Hamratún á Akureyri. Athygli er vakin á að til stendur að festa kaup á nýju sumarhúsi í Hlíðarfjalli á Akureyri. Bygging þess á að hefjast með vorinu. Það verður væntanlega reiðubúið til notkunar á næsta ári.

Íbúðin í Hátúni í Reykjavík er í dagleigu og þar gildir „fyrstur kemur fyrstur fær“. Orlofshúsið á Eiðum verður líka í dagleigu og verður opnað fyrir bókanir þar 1. maí. Þar er ekki gerð krafa um að leigja í heila viku heldur má velja þann dagafjölda sem hentar.

Athugið að venju samkvæmt stendur lögreglumönnum á eftirlaunum til boða að sækja um dvöl í orlofshúsum félagsins í fjórar vikur í upphafi orlofstímans. Þeir greiða hálft gjald.

Verð fyrir vikuleigu í orlofshúsunum 2022 er 32.000 krónur, að Eiðum og íbúðinni í Hátúni í Reykjavík undanskildum. Í Hátúni kosta fyrstu tvær næturnar 7.500 krónur en næstu fimm þar á eftir 3.000 krónur.

Nánari upplýsingar um orlofshúsin, niðurgreiddar ferðaávísanir og gjafabréf má finna á orlofsvefnum; orlof.is/ll.

Umgengni

Við hvetjum félagsmenn til að ganga vel um húsin og skilja við þau eins og þeir myndu sjálfir vilja koma að. Enginn umsjónarmaður tekur út ástand húsanna eftir dvölina. Ef eitthvað er athugavert við umgengni eða þrif húsanna við komu skal láta skrifstofu félagsins vita. Einnig er hægt að láta vita á vefnum undir „Mínar síður“ og „Umsagnir um leigueignir“. Athugið að slæm umgengni getur haft áhrif á úthlutanir síðar.

Tæki og tól

Í öllum húsunum eru eldhúsáhöld, sængur og koddar. Einnig eru barnarúm og barnastólar í öllum húsunum. Nánari upplýsingar um fylgihluti hvers húss og skiptitíma er að finna í leigusamningi sem leigutaki fær við greiðslu.

Nauðsynlegt að taka með:
- Borðklútar
- Diskaþurrkur
- Uppþvottalögur (uppþvottavélar eru í húsunum við Geysi og að Felli)
- Salernispappír

Við brottför
- Þrífa húsið, grillið og heita pottinn ef þess þarf
- Bæta við vatni í heita pottinn ef þess þarf (Geysir)
- Athugið hvort allir gluggar séu lokaðir og kræktir
- Hurðir vel lokaðar og læstar
- Lykillinn kominn í lyklaskáp
- Ekki taka hita af húsinu við brottför

Veiðikortið

Veiðikortið er mjög hagkvæmur valkostur sem hentar jafnt reyndum veiðimönnum sem fjölskyldufólki. Með Veiðikortið í vasanum er hægt að veiða nær ótakmarkað í 36 veiðivötnum víðs vegar um landið sem og tjalda ókeypis við mörg þeirra.

Kortið gildir fyrir einn fullorðinn og börn yngri en 14 ára í fylgd með korthafa. Eiganda kortsins ber að merkja kortið á bakhlið með kennitölu sinni. Fyrir veiðikortið greiðast kr. 3.000,- en það gildir á marga veiðistaði um land allt.

Veiðikortið má kaupa á orlofsvefnum, orlof.is/ll, undir flipanum „Miðasala“. Nánari upplýsingar um þessa þjónustu má fá á www.utilegukortid.is og www.veidikortid.is.

Útilegukortið

Félagsmönnum LL býðst Útilegukortið á niðurgreiddu verði. Kortið veitir tveimur fullorðnum og allt að fjórum börnum undir 16 ára aldri fría gistingu á tjaldsvæðum samstarfsaðila Útilegukortsins.

Kaup á útilegukortinu fara fram í gegnum orlofsvefinn, orlof.is/ll, en í kjölfarið er það sent heim til kaupanda í pósti. Almennt söluverð er 19.900 krónur en verð til félagsmanna LL er aðeins 7.000 krónur.

Nánari upplýsingar má finna á vef Útilegukortsins, utilegukortid.is.

Gjafabréf í flug Icelandair

Gjafabréf Icelandair gildir sem greiðsla fyrir flug í beinu áætlunarflugi til allra áfangastaða Icelandair. Ekki er hægt að nota þetta gjafabréf sem greiðslu upp í pakkaferð.

Gjafabréf sem kostar 15.000 krónur er ígildi 25.000 króna inneignar. Það er einungis til sölu á orlofsvefnum, lorlof.is/ll. Athugið að á gjafabréfinu er númer sem nota þarf þegar flug er bókað og keypt.

Gjafabréfin gilda í fimm ár frá útgáfudegi og verða að notast innan þess tíma (bæði við brottför og heimferð). Þau fást ekki endurgreidd eða framseld.

Frekari skilmála má finna á heimasíðu Icelandair og ll.is.

Nýjungar í ferðaávísun

Eins og undanfarin ár verður í boði að fá afsláttarverð í gistingu víða um land. Félagsmenn kaupa ferðaávísun á orlofsvefnum undir „ferðaávísun“. Hún gildir sem inneign hjá fjölmörgum samstarfsaðilum ávísunarinnar um allt land. Landssamband lögreglumanna veitir 40% afslátt af ferðaávísun.

Ferðaávísunin býður í ár upp á þá nýjung að hægt er að kaupa skipulagðar gönguferðir af þremur ferðafélögum fyrir ávísunina, á betri kjörum en almenningi bjóðast. Nánari kynningu á þessum valmöguleika er að finna á opnu hér aftar í blaðinu.

Eini búnaðurinn sem **EKKI** treystir á sársauka til að knýja fram hlýðni

Nýjasta tækni í valdbeitingarbúnaði til að draga úr stigmögnun

Þegar hleypt er af BolaWrap þá verður hár hvellur og kevlar strengurinn skýst út (3-8 metra) og vefst 1-3 sinnum utan um einstaklinginn. Þessi hái hvellur truflar og strengurinn heldur aftur af hreyfingum. Það gefur lögreglumönnum færi á að handsama hann án mikillar hættu.

BOLAWRAP 150
Sterkbyggður, áreiðanlegur búnaður og einfaldur í notkun.

ENDURHLAÐANLEGT HYLKI
Inniheldur 2,3 m Kevlar® streng. Skotið út með microgas rafal. Hannað til að tjóðra einstakling án sársauka.

MIÐUNARLASER
Kviknar sjálfvirkt þegar kveikt er á búnaðinum.

VASALJÓS
Sjálfvirkt þegar kveikt er á búnaðinum og fleiri lausar hendur i myrkrinu.

GAUMLJÓS FYRIR RAFHLÖÐU

Útfærsla valdbeitingarstiga er samkvæmt skýrslu bresks sérfræðingahóps sem fjallaði um Bolawrap.

Vefverslun: www.donna.is
Erum nú á Facebook: donna ehf

Donna
Sími 555 3100 www.donna.is

Göngur og gisting með Ferðaávísun

Ferðaávísun veitir nú líka aðgang að spennandi ævintýra- og gönguferðum með Ferðafélagi Íslands, Útivist og Fjallafjöri. Sem fyrr njóta félagsmenn sérkjara í krafti fjöldans en Ferðaávísun má nota allt árið um kring. Félagsmönnum gefst nú gullið tækifæri á að fara í skipulagðar ferðir um íslensk fjöll og firnindi.

Lágafell

Lágafellshópur Fjallafjörs hentar í senn byrjendum og þeim sem vilja fara í styttri láglendisgöngur og gefa sér rúman tíma í að njóta þeirra. Þrjár annir eru yfir árið og hver önn samanstendur af 12 ferðum, 9 kvöldferðum og 3 dagsferðum.

Verð: 24.900 kr.

FJALLAFJÖR

Fimmvörðuháls

24.-26. júní

Hin árlega Jónsmessuganga Útivistar yfir Fimmvörðuháls er einn af hápunktunum í starfi Útivistar ár hvert. Lagt er af stað frá Reykjavík á föstudagskvöldi og gengið yfir Hálsinn um nóttina. Í dögun á laugardegi koma göngumenn niður í Básа þar sem tími gefst til að hvílast um stund. Um kvöldið er slegið upp grillveislu og kveiktur varðeldur þar sem Útivistar-gleðin ríkir.

Verð: 31.000 kr.

ÚTIVIST

Hornstrandir

7.–10. júlí

Á Hornströndum renna haf og himinn saman í stórbrotinni fegurð og dulúð. Ævintýrið hefst með siglingu inn í Jökulfirði og heldur áfram þegar gengið er yfir í Hornbjargsvita, um hið mikla Hornbjarg og blómskrúðið í Hornvík. Stórbrotin fegurð blasir alls staðar við. Ekki spillir hin litríka og sérstæða mannlífssaga Friðlandsins. Gist er í þrjár nætur í Hornbjargsvita og dvalið við náttúruskoðun og gönguferðir.

Verð: 103.000 kr.

Laugavegur

13.-17. júlí

Vinsælasta gönguleið landsins lætur engan ósnortinn. Um er að ræða magnaða upplifun fyrir líkama og sál þar sem fjölbreytt landslag, óbrúaðar ár, litskrúðug líparítsvæði, svartir sandar og grænir skógar verða á vegi göngugarpa. Um er að ræða fimm daga ferð undir leiðsögn þar sem rúta, trúss, gisting og fararstjórn er innifalin.

Verð: 98.000 kr.

Sveinstindur – Skælingar

Um er að ræða eina fallegustu gönguleiðina á sunnanverðu hálendinu. Gangan hefst við Langasjó en gengið er á Sveinstind áður en gist er í Sveinstindsskála. Þaðan er haldið niður með Skaftá í Skælinga þar sem einstakar hraunmyndanir setja svip á umhverfið. Frá Skælingum er gengið á Gjátind og niður í Eldgjá. Gangan endar í Hólaskjóli þar sem gist er síðustu nóttina. Hægt er að velja um fjórar dagsetningar í sumar.

Verð: 60.000 kr.

ÚTIVIST

Haustferð í Skaftártungu

Fjallafjör býður upp á helgarferð á Skaftártungu þar sem vel valdar perlur verða skoðaðar. Gengið verður á Gjátind, um Eldgjá, Ófærufoss skoðaður, Syðri-Ófæra, Gígvatn og fallegir fossar. Gist er í skálanum í Hólaskjóli en þátttakendur fara á eigin bílum þangað. Innifalið er leiðsögn, gisting og rúta frá Hólaskjóli til og frá göngustöðum.

Verð: 33.900 kr.

FJALLAFJÖR

Strútsstígur

Gangan hefst í Hólaskjóli en þaðan er um tveggja tíma gangur í skálann við Álftavötn þar sem gist er fyrstu nóttina. Á öðrum degi er gengið með Svartahnjúksfjöllum í Hólmsárbotna, með viðkomu í Strútslaug. Þaðan er gengið í Strútsskála þar sem gist er í tvær nætur og einstakt umhverfi skálans skoðað. Á lokadegi liggur leiðin um Mælifellssand í Hvanngil þar sem rúta tekur upp hópinn. Hægt er að velja um fjórar dagsetningar í sumar.

Verð: 58.000 kr.

ÚTIVIST

Jóga, núvitund og göngur í Þórsmörk

17.-19. júlí

Þessi ferð býður upp á allt það besta sem finna má í Þórsmörk. Gist verður tvær nætur í skála Ferðafélags Íslands í Langadal. Ein fegursta og fjölbreyttasta gönguleið landsins verður gengin en hún skartar ægifögru útsýni yfir Þórsmörk. Áhersla verður á að njóta, en ekki þjóta. Farið verður í morgunjóga, nidra-djúpslökun auk þess sem hópurinn verður endurnærður með gong-tónheilun í ósnortinni náttúrunni.

Verð: 50.000 kr.

Landssamband lögreglumanna veitir 40% afslátt af ferðaávísun.

Gisting um land allt

Með ferðaávísun nýtur þú sérstakra tilboðskjara á gistingu hjá fjölmörgum samstarfsaðilum um allt land.

Hótel Geysir

Suðurland

Herbergi fyrir tvo með morgunverði.

Verð frá: 33.000 kr.

Íslandshótel

Víða um land

Herbergi fyrir tvo með morgunverði.

Verð: 14.400 kr.

Kea hotels

Norðurland og víðar

Eins manns herbergi með morgunverði.

Verð frá: 13.900 kr.

Gistiheimilið Hvoll

Suðurland

Tveggja manna herbergi.

Verð frá: 13.563 kr.

Arctic Hotels

Norðurland

Tveggja manna herbergi.

Verð frá: 10.000 kr.

Center Hotels

Höfuðborgarsvæðið

Tveggja manna herbergi.

Verð frá: 19.900 kr.

Einarshúsið

Vestfirðir

Tveggja manna herbergi.

Verð frá 13.000 kr.

Hvar fæst ferðaávísun?

Ferðaávísun fæst keypt undir FERÐAÁVÍSUN á Orlofsvefnum. Þar má finna nánari upplýsingar um þær ferðir og gistingu sem samstarfsaðilar okkar bjóða upp á.

Undirbúningur fyrir undankeppni

Þegar evrópska lögregluíþróttasambandið, USPE, auglýsti eftir þátttöku á Evrópumótinu í körfuknattleik karla í júní 2021, ákvað ÍSL að tilkynna þátttöku. Snögg könnun á þeim tíma sýndi að talsverð endurnýjun hafði orðið á körfuboltamönnum innan lögreglunnar frá því árið 2017, þegar við kepptum í úrslitum sem fram fóru í Grikklandi. Þar lentum við í 7. sæti en raunhæft markmið þá var að stefna á 5. sætið. Af hverju ekki ofar? Jú, það var vegna þess að við vorum dregnir í riðil með bæði Grikkjum og Lithaum sem eru ósigraðar þjóðir í körfuknattleik karla, nema innbyrðis. Því var 3. sætið í riðlinum það raunhæfa. Við enduðum reyndar í fjórða og neðsta sæti í riðlinum.

Fyrir vikið lá nánast fyrir, þegar við tilkynntum um þátttöku, að við þyrftum að fara í undankeppni. Við drógumst í riðil með Ungverjalandi og Mónakó og skyldi leikið í Ungverjalandi. Undirritaður spáði því strax að Mónakó myndi draga þátttöku sína til baka en sú varð einmitt raunin. Tækninefnd USPE hafði gefið út að ef einhver þjóð dytti út þannig að tvær þjóðir yrðu eftir þá skyldu fara fram tveir leikir á milli þjóðanna. Liðið sem hefði betur fengi þátttökurétt í úrslitum í Frakklandi í júní. USPE gaf út að undanriðlarnir, sem urðu þrír, skyldu leiknir í mars.

Við hófum undirbúning í byrjun nóvember undir stjórn Jóns Þórs Eyþórssonar, þjálfara og lögreglumanns. Það var síðan 25. nóvember sem USPE ákvað, vegna ástands COVID-19 í Evrópu, að fresta þyrfti undanriðlunum. Þeir skyldu fara fram í apríl. Þá var gert hlé á undirbúningi.

Þann 4. desember kom tilkynning frá USPE um að Ungverjar gætu ekki frestað undanriðlinum vegna þess hversu langt þeir voru komnir í undirbúningi sínum. USPE ákvað þá að halda sig við upphaflegar dagsetningar leikja í okkar riðli. Undirbúningur fór í gang aftur. Flugið hafði hækkað í verði og flugáætlun var orðin óhagstæðari. Dagsetningar voru í upphafi þannig að við gátum ekki tekið beint flug til Budapest. Aftur varð að gera hlé á undirbúningnum vegna faraldursins hér á landi í desember/janúar.

Á undirbúningstímabilinu, frá því í byrjun nóvember og fram að ferðinni 14. febrúar, náðum við um átta æfingum og einum æfingaleik. Hann fór fram 9. febrúar í Keflavík við B-lið heimamanna en í því liði eru nokkrir ungir leikmenn sem leika með aðalliðinu. Níu leikmenn okkar gátu mætt í leikinn. Við unnum leikinn 78 – 70. Eftir leikinn datt Unnar Már Bjarnason út úr hópnum vegna smits og undirritaður, sem átti að fara með sem fararstjóri, datt af sömu ástæðu út tveimur dögum fyrir brottför. Með góðri aðstoð og velvild yfirmanna í lögreglunni tókst að fá nýja aðila inn í staðinn, þó að fyrirvarinn væri nær enginn. Ekki má heldur gleyma Silju hjá Vitaferðum sem var nær allan sunnudaginn, daginn fyrir brottför, að ná fram nafnabreytingum á tveimur farseðlum. Það tókst á sunnudagskvöldinu. Við æfðum hjá KR í Frostaskjóli og þá fengum við inni hjá ÍFL Reykjavík, í Álftamýrinni. Kunnum við ÍFL Reykjavík þakkir fyrir.

Óskar Bjartmarz
formaður ÍSL

Undankeppni EM í körfuknattleik

Székesfehervár í Ungverjalandi 14. til 18. febrúar 2022

Íslenski hópurinn stóð svo sannarlega fyrir sínu.

Stjórn ÍSL ákvað að senda lið til þátttöku í Evrópumótinu í körfuknattleik. Við Íslendingar eigum nokkuð gott körfuboltalið enda eiga allnokkrir lögreglumenn feril að baki í úrvalsdeildinni hér heima.

Evrópumótið átti að fara fram árið 2021, eins og fram kemur í pistli um undirbúning mótsins hér að framan, en því var eins og svo mörgu öðru slegið á frest þar til í ár. Við áttum upphaflega að mæta tveimur liðum, Ungverjalandi og Mónakó, en hið síðarnefnda dró sig úr keppni vegna heimsfaraldursins. Því lá fyrir að Ísland myndi mæta Ungverjalandi á þeirra heimavelli tvívegis þar sem samanlögð úrslit myndu ráða því hvort liðið kæmist í úrslitakeppni EM, sem fram fer í júní nk. í Frakklandi.

Ungverjar hafa verið með gott lið í gegnum tíðina og lentu t.a.m. í fimmta sæti á EM 2017.

Skipan hópsins

Lið Íslands hélt utan mánudaginn 14. febrúar og var hópurinn þannig skipaður:

Ólafur Örvar Ólafsson Suðurnesjum fararstjóri, Jón Þór Eyþórsson RLS þjálfari, Jón G. Sigurgeirsson LRH, í fararstjórn. Leikmenn, Níels P. Dungal, Haukur Gunnarsson, Magnús I. Hjálmarsson, Andrés Kristleifsson og Arnar G. Skúlason LRH. Ingvaldur Magni Hafsteinsson, Magnús Pálsson og Egill Egilsson RLS. Sigurjón Ívarsson og Snorri Þorvaldsson Suðurlandi, Emil Örn Árnason og Atli Barðason Suðurnesjum.

Góðar móttökur

Strax var ljóst við komuna til Ungverjalands að vel yrði séð um liðið. Fengum við strax góðar móttökur frá lögreglumanni sem hefur starfað sem slíkur í 25 ár. Hans aðalstarf er eingöngu að annast lögregluíþróttir og það utanumhald sem því fylgir.

Frá Budapest tók við talsverður akstur í borgina Szekesfehervar sem er um 80 kílómetra vestan við Budapest. Þar dvaldi hópurinn þessa fjóra daga í mjög góðu yfirlæti. Aðstæður voru allar hinar bestu og hótelið frábært. Fóru æfingar og leikir fram í körfuboltahöll sem landslið þeirra Ungverja notar m.a. við æfingar sínar, líklega um 50 metra frá hótelinu sem liðið dvaldi á.

Strax daginn eftir komuna reimuðu menn á sig skóna og tóku góða æfingu í höllinni. Mikil einbeiting var í mannskapnum enda höfðu menn þá skömmu áður séð Ungverjana ganga til æfinga í sömu höll. Alveg er óhætt að segja að Ungverjarnir hafi litið út fyrir að vera með mjög öflugt lið og með marga leikmenn um eða yfir tvo metrana.

Óárennilegt ungverskt lið

Miðvikudaginn 16. febrúar fór fram setningarathöfn í höllinni þangað sem allnokkrir gestir voru mættir. Var þar um að ræða m.a. lögreglustjóra borgarinnar auk fleiri mætra gesta. Að lokinni athöfn, þar sem Haukur Gunnarsson, LRH, var fánaberi, hófst undirbúningur leiksins.

Þjálfarar og leikmenn Íslands vissu lítið um mótherjann en fylgdust vel með þeim í upphitun til að kortleggja getu leikmanna. Var ótrúlegt að fylgjast með mótherjanum þar sem hvert þriggja stiga skotið datt niður og rúmlega helmingur leikmanna liðsins tróð boltanum í körfuna hvað eftir annað.

Ég hugsa að þetta hafi kveikt vel í íslenska liðinu og orðið til þess að liðið mætti algjörlega á tánum og tilbúið í leikinn.

Stórkostleg byrjun

Annarri eins byrjun á körfuboltaleik hef ég aldrei orðið vitni að en byrjunarlið var eftirfarandi; Ingvaldur Magni var fyrirliði, Magnús P., Egill, Snorri og Andrés. Íslenska liðið gjörsamlega kafsigldi það ungverska og lengi vel hafði ungverska liðið aðeins skorað eina körfu í fyrsta leikhluta. Staðan svo eftir fyrsta leikhluta var 4-28.

Vörn íslenska liðsins var svakaleg á þessum tíma og stálu menn fjölmörgum boltum sem skiluðu sér í góðum hraðaupphlaupum og auðveldum körfum. Svo hissa voru gestir á pöllunum að þeir komu strax til mín að loknum fyrsta leikhluta og óskuðu okkur til hamingju með farseðilinn til Frakklands. Ég benti þeim hins vegar á að aðeins væri einn leikhluti búinn af átta.

Ungverjar vöknuðu til lífsins í öðrum ▶

leikhluta enda vart annað hægt. Fór svo að þeir unnu leikhlutann sannfærandi og spiluðu mun betur, Ísland leiddi þó sannfærandi í hálfleik, 43-27, en leikurinn þó alveg opinn.

Byrjunarliðið í seinni hálfleik, Egill, Haukur, Magnús P., Níels og Arnar. Ræða þjálfarans og það að mönnum var kippt aðeins niður á jörðina í öðrum leikhluta varð svo til þess að íslenska liðið hélt áfram að keyra á það ungverska og sigldi hægt og rólega aftur fram úr. Vörnin þéttist aftur og lokaði nánast á ungverska liðið í hverri sókn. Þetta leiddi til 45-94 stórsigurs en eins og sést á stigaskorinu skoraði það ungverska aðeins 18 stig í síðari hálfleik öllum.

Þar sem lið Mónakó hætti við þátttöku ákvað tækninefnd USPE að tveir leikir yrðu spilaðir milli liðanna. Stigatalan myndi síðan gilda ef liðin myndu vinna hvort sinn leikinn. Því var mikilvægt að halda haus og sigra leikinn eins stórt og mögulegt var, geta þá heldur slakað á í seinni leiknum.

Byrjunarlið Íslands í leik við heimamenn.

Frábær frammistaða

Nokkrir leikmenn íslenska liðsins sýndu stórkostlega frammistöðu í leiknum og höfðu menn á orði að þarna færu leikmenn sem myndu sóma sér vel í úrvalsdeild þeirra ungversku. Ég get alveg tekið undir það eftir að hafa fylgst með leiknum enda hittni og varnartilburðir leikmanna algjörlega ótrúlegt. Fremstur var Egill Egilsson en hann raðaði niður þriggja stiga körfum og spilaði vel í gegnum allan leikinn. Hann skoraði 28 stig í leiknum.

Stigaskor leikmanna Íslands skiptist svona í fyrri leiknum:

Egill Egilsson 28, Magnús Pálsson 16, Ingvaldur Magni Hafsteinsson 15, Andrés Kristleifsson 15, Snorri Þorvaldsson 14, Emil Árnason 4, Haukur Gunnarsson 4, Arnar Skúlason 2, Níels Dungal 2.

Eftir fyrri leikinn fór íslenska liðið ásamt ungverska aðstoðarmanni okkar í skoðunarferð til Budapest. Fórum við undir hans leiðsögn aðeins um miðborgina og að Dóná. Liðið fór því næst saman út að borða á flottu steikhúsi í miðborg Búdapest áður en heim í sveit var haldið og undirbúningur fyrir seinni leikinn hófst.

Annar góður sigur

Seinni leikurinn fór svo fram fimmtudaginn 17. febrúar. Í ljósi úrslita fyrri leiksins mættu menn ögn rólegri til leiks enda þá aðeins fengið að kynnast og taka á mótherjanum. Jón Þór, þjálfari liðsins, stillti upp sama byrjunarliði og í fyrri leiknum; Ingvaldur Magni, Magnús P., Egill, Snorri og Andrés. Þjálfarinn vildi sigur og ekkert annað.

Ísland náði strax undirtökunum en ungverska liðið var þó mun líflegra en í fyrri leiknum. Egill Egilsson hélt áfram skotsýningunni og raðaði niður þristunum. Staðan í hálfleik var 41 – 24 okkur í vil. Byrjunarliðið í seinni hálfleik var eftirfarandi Ingvaldur Magni, Snorri, Andrés, Egill og Magnús Ingi. Jón Þór nýtti allt liðið í þessum leik og fengu allir leikmenn að spila þó nokkuð. Ungverjar náðu ágætisrispu undir lok leiksins og minnkuðu muninn hægt og þétt. Þá skelltum við bara aftur í lás og sigldum þessu heim. Góður sigur Íslands í leiknum einnig, 84-69.

Stigaskor í leiknum:

Egill Egilsson 23, Magnús Pálsson 20, Ingvaldur Magni 12, Andrés Kristleifsson 10, Níels Dungal 6, Arnar Skúlason 5, Snorri Þorvaldsson 4, Magnús Hjálmarsson 2, Sigurjón Ívarsson 1.

Ingvaldur Magni sem eins og áður sagði skoraði 12 stig átti líklega flottustu ▶

VIÐ ÓSKUM LÖGREGLUMÖNNUM VELFARNAÐAR Í STARFI

Meitill - GT Tækni ehf
Rammar og myndir
Skessuhorn ehf-Fréttaveita Vesturlands
Skipaskagi ehf
Smurstöð Akraness sf
Valfell fasteignasala
Verslunin Bjarg ehf
Vélaleiga Halldórs Sigurðssonar ehf
Vogir og Lagnir ehf
Ylur pípulagnir slf

BORGARNES
Bílabær sf, bifreiðaverkstæði
Ensku húsin gistiheimili við Langá
Golfklúbbur Borgarness
Háskólinn á Bifröst
Límtré Vírnet ehf
Nesafl sf
Sprautu- og bifreiðaverkstæðið Borgarness sf
Tannlæknastofa Hilmis ehf
Vatnsverk Guðjón og Árni ehf
Verkalýðsfélag Vesturlands

STYKKISHÓLMUR
Skipavík ehf

GRUNDARFJÖRÐUR
Rútuferðir ehf
Þjónustustofan ehf

ÓLAFSVÍK
Fiskmarkaður Snæfellsbæjar ehf
Ingibjörg ehf
Þrif og þjónusta ehf

HELLISSANDUR
Bifreiðaverkstæði Ægis
Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga
KG Fiskverkun ehf
Sjávariðjan Rifi hf
Skarðsvík ehf
Snæfellsbær

BÚÐARDALUR
KM þjónustan, Bílaverkstæði og dráttarbílaþjónusta
Rafsel Búðardal ehf

REYKHÓLAHREPPUR
Þörungaverksmiðjan hf

ÍSAFJÖRÐUR
Akstur og löndun ehf
Bílasmiðja S.G.B. ehf
Bílatangi ehf
Harðfiskverkun Finnboga, s: 456 3250
Ís 47 ehf
Ísblikk ehf
Klæðakot ehf
Póllinn ehf
SMÁ vélaleigan
Vestfjarðaleið ehf

BOLUNGARVÍK
Bolungarvíkurkaupstaður
Endurskoðun Vestfjarða ehf
Sigurgeir G. Jóhannsson ehf

SÚÐAVÍK
Súðavíkurhreppur

SUÐUREYRI
Fiskvinnslan Íslandssaga hf

PATREKSFJÖRÐUR
Bifreiðaverkstæðið Stormur ehf.
Bílaverkstæðið Smur- og dekk
Oddi hf, fiskvinnsla-útgerð

TÁLKNAFJÖRÐUR
Bókhaldsstofan Tálknafirði
Tálknafjarðarhreppur

BÍLDUDALUR
Arnarlax hf

STAÐUR
SG verkstæði ehf

HVAMMSTANGI
Sláturhús KVH ehf

BLÖNDUÓS
Blönduósbær
Glaðheimar, sumar og gistihús opið allt árið
Húnavatnshreppur
Kjalfell ehf, s: 695 3363
Maggi málari ehf
Pöntunar og viðgerðarþjónusta Villa ehf
Sportvík ehf
Stéttarfélagið Samstaða
Sörlatunga ehf

SAUÐÁRKRÓKUR
Dögun ehf
Efnalaug og þvottahús
Iðnsveinafélag Skagafjarðar
K-Tak ehf
Skagafjarðarveitur
Steinull hf
Steypustöð Skagafjarðar

VARMAHLÍÐ
Akrahreppur Skagafirði

HOFSÓS
Bifreiðaverkstæðið Pardus ehf

SIGLUFJÖRÐUR
Fjallabyggð
Primex ehf

AKUREYRI
ÁK smíði ehf
Ásco ehf, bílarafmagn
B. Snorra ehf
Bifreiðastöð Oddeyrar ehf
Bifreiðaverkstæði Bjarnhéðins ehf
Bílaleiga Akureyrar
Bílapartasalan Austurhlíð
Bílasala Akureyrar ehf
Bílatorgið Akureyri
Byggingarfélagið Hyrna ehf
Endurhæfingarstöðin ehf
Finnur ehf
Garðyrkjustöðin Brúnalaug
Hárið Akureyri ehf, s: 571 8888
Hjörtur Haraldsson
Íslensk verðbréf hf
Keahótel ehf
Kjarnafæði Norðlenska hf
Kollgáta Arkitektur-www.kollgata.is
Kraftbílar ehf
Lagnalind ehf
Ljósco ehf
Molta ehf
Norðlenska matborðið ehf
Pípulagningaþjónusta Bjarna F Jónassonar ehf
Pólarhestar ehf
Rafeyri ehf
Rakara- og hárstofan Kaupangi
Samvirkni ehf
Saurbæjarkirkja
Sjómannablaðið Víkingur
Skóhúsið - Bónusskór
Steypusögun Norðurlands ehf
Straumrás hf
Svalbarðsstrandarhreppur
Veitingastaðurinn Krua Siam
Vélaleiga HB ehf

GRENIVÍK
Sparisjóður Höfðhverfinga

DALVÍK
Dalvíkurbyggð
EB ehf
Klaufi ehf
Kussungur 2 ehf
Oliver Edvardsson
Steypustöðin Dalvík ehf
Sæplast Iceland ehf
Tréverk ehf, Dalvík
Útgerðarfélag Dalvíkur ehf

Magni Hafsteinsson hefur orðið í Ungverjalandi.

körfu leiksins þegar hann keyrði meðfram endalínunni að körfunni og tróð boltanum með látum, eitthvað sem menn höfðu kallað eftir eftir fyrri leikinn en þá hafði hann fengið tækifæri til þess að troða en sleppti því. Menn höfðu á orði að kallinn væri þá orðinn helst til gamall en því ákvað fyrirliðinn að svara með þessari flottu troðslu sem reyndist sú eina í báðum þessum leikjum.

Spennandi úrslitakeppni fram undan

Öllum er ljóst að þetta íslenska lið er gríðarlega sterkt, líklega það sterkasta sem við höfum átt frá upphafi. Liðið hefur nú tryggt sig inn í úrslitakeppni 8 sterkustu liða Evrópu. Í úrslitakeppnina mæta síðan stórþjóðir körfuboltans eins og Litháen, Grikkland og Frakkland.

Þrátt fyrir að við hefðum teflt fram sterku liði í Ungverjalandi voru þó nokkrir leikmenn sem ekki gátu gefið kost á sér í þetta verkefni. Má því gera ráð fyrir að þeir leikmenn bætist a.m.k. í æfingahóp Íslands og reyni að koma sér í liðið. Ljóst er að samkeppnin um stöður í hópnum fyrir lokamótið er hörð.

Úrslitakeppnin er spiluð í tveimur fjögurra liða riðlum og síðan er leikið um sæti. Ef Ísland verður ekki eins óheppið og í síðustu lokakeppni, þar sem liðið lenti með Litháen og Grikklandi í riðli, má alveg hafa uppi miklar væntingar. Ég sé þetta lið spila a.m.k. um verðlaunasæti.

Að leikjum loknum var íslenska liðinu boðið í gönguferð um borgina, ásamt liði Ungverja og þeim sem að mótinu komu. Var gengið undir leiðsögn um söguslóðir borgarinnar og endaði gönguferðin í móttöku hjá borgarstjóranum, sem óskaði íslenska liðinu til hamingju með góðan sigur og kvaðst vona að liðið myndi leika til verðlauna í Frakklandi.

Hefð er fyrir því að bjóða nýliða velkomna í hópinn með sérstakri athöfn að lokinni keppni og frá því var engin undantekning nú enda átta nýliðar í þessari ferð. Fengu þeir afhenta bindisnælu ÍSL, eins og reglur kveða á um og hefð er fyrir.

Veglegt lokahóf var síðan á liðshótelinu um kvöldið þar sem liðin tókust í hendur, skiptust á búningum og skemmtu sér saman fram á kvöld. ●

Jón Gunnar Sigurgeirsson
í fararstjórn

Mótalisti 2022

Landsmót:	Umsjón/mótsstaður	Dagsetning
Innanhússknattspyrna	Vesturland	mars/apríl
Holukeppni í golfi	Golfnefnd ÍSL	júní/ágúst
Golf	Akureyri	júlí/ágúst
Öldungamót í innanhússknattsp.	Akureyri	september
Skotfimi	Skotnefnd ÍSL	október
Lögguhreysti CF Throwdown	Lögguhreystinefnd ÍSL	nóvember
Norðurlandamót:		
Skotfimi	Reykjavík/Ísland	12. – 16. maí
Golf	Stavanger/Noregur	5. – 8. september
Handknattleikur	Svíþjóð	
Evrópumót:		
Knattspyrna	Trondheim/Noregur	13. – 20. júní
Körfubolti karla	Limoges/Frakkland	20. – 27. júní
Tennis	Münster/Þýskaland	31. júl. - 7. ágúst
Hjólreiðar	Horsens/Danmörk	8. – 12. september
Blak karla	Turin/Ítalía	25. sep. – 2. okt.
Maraþon	Eindoven/Holland	7. – 10. október

Íþróttir lögreglumanna að loknu COVID-19

Þegar þetta er skrifað er komið fram yfir miðjan febrúarmánuð 2022, smittölur í hæstu hæðum en ástandið samt að batna. Þessi tvö ár í COVID hafa reynt á þolrif allra og haft mikil áhrif á öllum sviðum mannlífsins.

Íþróttir lögreglumanna hafa ekki farið varhluta af því frekar en allt annað. Í þessi tvö ár höfum við aðeins náð að halda landsmót í golfi og holukeppni í golfi. Önnur landsmót hafa fallið niður. Við þurfum núna að setja allt í gang til að koma landsmótum af stað. Vonandi náum við einnig að halda landsmótið í innanhússknattspyrnu í vor. Þá er og stefnt á að halda landsmót í pílukasti þegar færi gefst.

Norðurlandamót hafa ekki farið fram ef frá er talið eitt sem fór fram sl. haust í Svíþjóð. Þar var á ferðinni NPC í ratleikni. NPC í skotfimi hefur verið frestað tvisvar en í handknattleik og golfi einu sinni. Þessi mót eiga að fara fram á þessu ári.

Skotfimin á að fara fram hér á landi í maí. Um 60 erlendir kollegar okkar koma til mótsins. Handknattleikurinn fer fram í Svíþjóð á Stokkhólmssvæðinu. ÍSL hefur tilkynnt um þátttöku bæði í karla- og kvennaflokki. NPC í golfi hefur verið tímasett í byrjun september í Stavanger. Þangað förum við með karlalið og vonandi einnig með konur.

Evrópumótin hafa einnig öll meira og minna fallið niður eða verið frestað. Hvað okkur varðar þá höfum við ekki mikið tekið þátt í EPM-mótum, á undanförnum árum, en þó hafði COVID af okkur þátttöku í Evrópumóti kvenna í körfuknattleik, sem fram átti að fara í Bretlandi á síðasta ári. Þar virtumst við geta átt nokkuð sterkt lið.

Á þessu ári eru tvö EPC-mót sem við höfum tilkynnt um þátttöku í. EPC í körfuknattleik sem fram á að fara í Limogen í Frakklandi i júní, þar sem við höfum tryggt okkur þátttökurétt eftir umspil við Ungverja. Við höfum einnig tilkynnt þátttöku í maraþoni sem fram á að fara í Hollandi. Þangað ætlum við að fara með 1 – 2 af hvoru kyni.

Þing Norræna lögregluíþróttasambandsins, NPSA, hvar við höfum farið með formennsku, fer fram á Íslandi í lok apríl nk. Þingið átti að fara fram á síðasta ári en var frestað vegna COVID. Formennska okkar í sambandinu var framlengd um eitt ár og erum við því að skila af okkur eftir 3 ár. Þingið mun fara fram á Hótel Örk og verða um 18 þingfulltrúar. ●

Óskar Bjartmarz
formaður ÍSL

VIÐ ÓSKUM LÖGREGLUMÖNNUM VELFARNAÐAR Í STARFI

ÓLAFSFJÖRÐUR
Árni Helgason ehf, vélaverkstæði
Brimnes.net
Skiltagerð Norðurlands ehf

HÚSAVÍK
Bílaleiga Húsavíkur ehf
E G Jónasson rafmagnsverkstæði
Faglausn ehf
Framsýn, stéttarfélag
Steinsteypir ehf
Tjörneshreppur
Trésmiðjan Rein ehf

MÝVATN
Dimmuborgir guesthouse
Hestaleigan Safarí hestar
Jarðböðin við Mývatn
Kaffihúsið við Dimmuborgir

ÞÓRSHÖFN
B.J. vinnuvélar ehf
Geir ehf
Svalbarðshreppur

BAKKAFJÖRÐUR
K Valberg slf

VOPNAFJÖRÐUR
Kristín Brynjólfsdóttir
Sláturfélag Vopnfirðinga hf

EGILSSTAÐIR
Austfjarðaflutningar ehf
Bókráð, bókhald og ráðgjöf ehf
Gistihúsið Lake - Hotel Egilsstadir
Glussi ehf, viðgerðir
MSV, Stál og Vélar ehf
Múlaþing
Rafey ehf
Sænautasel ehf
Vaðall - Gistiheimili á hreindýraslóðum
Ökuskóli Austurlands sf

REYÐARFJÖRÐUR
Félag opinberra starfsmanna á Austurlandi
Fjarðaveitingar ehf
Hárstofa Sigríðar ehf
Tærgesen, veitinga- og gistihús

ESKIFJÖRÐUR
Egersund Ísland ehf
Eskja hf
Fjarðaþrif ehf
H.S. Lækning ehf
Kaffihúsið Eskifirði
Rafmagnsverkstæði Andrésar ehf

NESKAUPSTAÐUR
Haki ehf verkstæði
Síldarvinnslan hf

FÁSKRÚÐSFJÖRÐUR
Fáskrúðsfjarðarkirkja
Kaffi Sumarlína ehf
Skrúðsverk ehf
Vöggur ehf

HÖFN Í HORNAFIRÐI
AJTEL ICELAND ehf
Jökulfell ehf
Jökulsárlón ferðaþjónusta ehf
Rósaberg ehf
Vatnajokull Travel
Þingvað ehf, byggingaverktakar
Þrastarhóll ehf

ÖRÆFI
Ferðaþjónustan Svínafelli-www.svinafell.is

SELFOSS
Álnavörubúðin í Hveragerði
Baldvin og Þorvaldur ehf
Báran stéttarfélag
Bílaþjónusta Péturs ehf
Bjarnabúð
Búhnykkur sf
EM heima gallerí
Fasteignasalan Árborgir ehf
Flóahreppur
Formax-Paralamp ehf
Gheim ehf
Gróðrarstöðin Ártangi ehf
Gullfosskaffi við Gullfoss
Hárgreiðslustofa Önnu ehf
Hjá Maddý ehf
Hreingerningarþjónusta Suðurlands - Hreint um allt suðurland
Jeppasmiðjan ehf
K.Þ Verktakar ehf
Kökugerð H P ehf
Málarinn Selfossi ehf
Mömmumatur.is
Nesey ehf
Pípulagnir Helga ehf
Pylsuvagninn Selfossi við brúarendann
Rafmagnsverkstæði Jens og Róberts ehf
Reykhóll ehf
Suðurtak ehf Brjánsstöðum 2
Súperbygg ehf
Sveitarfélagið Árborg
Taxi Selfossi
Vélaþjónusta Ingvars
Vélsmiðja Suðurlands ehf

HVERAGERÐI
Alur blikksmiðja ehf
Heilsustofnun NLFÍ - heilsustofnun.is
Hótel Örk
Hverablóm ehf blóma- og gjafavöruverslun
Raftaug ehf
Vélar og stálsmíði

ÞORLÁKSHÖFN
Járnkarlinn ehf
SB skiltagerð ehf
Sveitarfélagið Ölfus

ÖLFUS
Eldhestar ehf
Garpar ehf
Icelandic Glacial

FLÚÐIR
B.R. Sverrisson ehf
Flúðasveppir ehf
Gröfutækni ehf
Hitaveita Flúða og nágrennis
Kvenfélag Hrunamannahrepps
Varmalækur ehf

HELLA
Freyðing ehf
Hestvit ehf
Trésmiðjan Ingólfs ehf

HVOLSVÖLLUR
Ferðaþjónustan Hellishólum ehf
Heljartak ehf
Rangárþing eystra
Seljaveitingar
Torf túnþökuvinnsla ehf

VÍK
Hótel Vík í Mýrdal
RafSuð ehf

VESTMANNAEYJAR
Bergur-Huginn ehf
Bíla- og vélaverkstæðið Nethamar ehf
Bílaverkstæði Sigurjóns
Eyjablikk ehf
Hótel Vestmannaeyjar
Íþróttabandalag Vestmannaeyja
Karl Kristmanns, umboðs- og heildverslun
Lífeyrissjóður Vestmannaeyja
Miðstöðin ehf
Suðurprófastdæmi
Teiknistofa Páls Zóphóníassonar ehf

LSR er til staðar fyrir þig á mörgum helstu tímamótum ævinnar. Sem sjóðfélagi öðlastu víðtæk réttindi – kynntu þér þau á lsr.is.

Hjá okkur geturðu líka fengið **séreignarsparnað**, sem er ekki aðeins bein launahækkun fyrir þig, heldur líka ein besta sparnaðarleið sem völ er á. Við bjóðum einnig **fasteignalán**, bæði verðtryggð og óverðtryggð.

Nú geturðu sótt um bæði séreignarsparnað og fasteignalán á vefnum okkar. Kynntu þér málið á lsr.is.

LSR
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins